



Brú yfir boðaföllin

Rannsókn á breyttu uppeldislutverki skóla
í nútímasamfélagi

Ólína Freysteinsdóttir
Lokaverkefni í félagsvísinda- og lagadeild
Nútímafræði
2005

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda- og lagadeild
Nútímafræði 2005
Leiðbeinandi: Kjartan Ólafsson



Brú yfir boðaföllin

Rannsókn á breyttu uppeldishlutverki skóla
í nútímasamfélagi

Lokaverkefni til BA prófs í nútímafræði
18. maí 2005

Ólína Freysteinsdóttir

„Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna“

Ólína Freysteinsdóttir

„Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A.prófs í félagsvísinda-og lagadeild“

Kjartan Ólafsson

Útdráttur

Þessi ritgerð byggir á rannsókn á uppeldishlutverki skóla og aðdraganda að stofnun þeirra. Í því samhengi er farið í skólasöguna og skoðaðar þær miklu breytingar sem orðið hafa hér á landi á starfsháttum, fjölskylduböndum og félagsskipan innan samfélagsins. Þá eru kenningar í félagsfræði notaðar til stuðnings við að greina þær breytingar sem orðið hafa í samfélaginu og þar með skólunum og kröfum sem gerðar eru til þeirra. Lítið er til þeirra vandamála sem við blasa í skólamálum sem og í samfélaginu.

Kennarar hafa meira af ungu fólki að segja en flestar aðrar stéttir og því gagnlegt að heyra þeirra sjónarmið. Til þess að fá dýpri skilning á starfi þeirra var ákveðið að taka viðtöl við þrjá kennara. Þá er sérstaklega skoðað starf kennara í gegnum tíðina og viðhorf þeirra til þess sem og til uppeldis og menntamála. Það er ljóst að rödd kennara hefur dofnað með árunum. Þurfa þeir að hafa meira til málanna að leggja þegar kemur að vandamálum sem eru samfélagsleg.

Það má segja að samkvæmt Durkheim ríki siðrofsástand þjóðfélaginu, þar sem einstaklingar og skólar hafa misst sjónar á sameiginlegum markmiðum. Þá er hættan mest þegar miklar og hraðar breytingar verða eins og orðið hafa hér á landi. Einnig er fjallað um þau vandamál sem snúa að einstaklings-, sjúkdóms- og markaðsvæðingu og lýst yfir áhyggjum þess efnis að skólinn hafi ekki sjáanlegan tilgang fyrir alla nemendur þó svo að öðru máli gegni fyrir samfélagið.

Abstract

This essay is based on a research on the beginning of schools and the role of socialization within the educational system. To establish historical context the dramatic shift in the way of subsistence in the Icelandic society is looked up on and the changes that followed in the role of the family and other institutions of the society. Theories in Sociology are used to analyze these changes, especially the effects they have had on the educational system and the challenges it now faces.

Teachers spend more time with children than all other professionals and it is helpful to acquire their point of view. To better understand the complexity of the teachers profession, qualitative research methods were used and three teachers were interviewed. They were especially asked of the changing role of the schools and of their own attitudes towards the changes in the educational system. Teachers voices and opinions have not been heard and taken into account when it comes to common social problems and solutions there of. More emphases need to be put on their expertise in broader social aspect.

According to Durkheim there is a state of anomie within society, where the educational system and the individuals within it do not share the same objective. Durkheim also states that the level of anomie rises when population is faced with such dramatic changes over short period of time as is evident in Iceland. The problems are discussed that rise with individualism, capitalism and medicalization which penetrate the educational system as the society as a whole.

Aðfaraorð

Í rúman áratug eða svo hefur uppeldi og umhverfi barna verið mér hugleikið, fyrst og fremst sem móður en ekki síður í námi mínu í nútímafræði við Háskólann á Akureyri, þar sem þverfagleg nálgun ljær manni sýn á fleiri þætti mannlífsins, umhverfis, ábyrgð og þá áhættu sem fylgir einstaklingsfrelsinu. Agaleysi æskunnar hefur lengi verið umtalfni í þjóðfélaginu. Samfélagsgagnrýnendur beina skrifum sínum sífellt meira að firringu og siðrofi og beina þá ekki síst athygli að fjölskyldunni og uppeldisskilyrðum.

Á tímum upplýsingarsamfélagsins er ekki síður mikilvægt að líta inn á við en að meðtaka. Þeir sem gagnrýna samfélagsbreytingar eru oft litnir hornauga og þykja bölsýnir en þeir sem berast með straumnum án ígrundunar taldir framsæknir. Vert er á þessum tímum að íhuga hvert stefnir en gagnrýni og endurmat er forsenda fyrir góðri framtíð öllum í hag. Það er mitt innlegg í þessu lokaverkefni að fara í söguskoðun og spyrja hvort allar framfarir hafi orðið til góðs, þá sérstaklega er varðar skóla, tilgang hans og virkni fyrir samfélagið og einstaklinginn.

Lengi má rökræða kosti og galla þessa nýja tíma. Einn af þeim sem nefndir hafa verið er einstaklingsfrelsi, sem fyrir suma verður rótleysi. Það var því af nógu af taka þegar ég fór að huga að lokaverkefni með það að markmiði að reyna ná þverfaglegri nálgun á nútímanum. Það lá þó beinast við að samþætta áhuga minn á umhverfi barna og líðan þeirra. Til þess að skoða þessa þætti er nauðsynlegt að rannsaka skrif og skoðanir þeirra sem mest hafa með unga fólkið að gera. Börn verja dágóðum hluta æsku sinnar í skólum og því er mikilvægt að einstaklingar sem sinna skólamállum og innan samfélagsins spyrji sig sífellt að því hvað megi gera betur.

Að baki þessu verkefni liggja margir dagar og nætur, vinna í vöku sem í draumi, uppskorin þekking og fleiri hrukkur sem nútíma snyrti- og lyfjafyrirtæki eru örugglega í þann veginn að finna lausn á. En það er ekki þannig með söguna, það bætir hana ekkert og því nauðsynlegt að læra af mistökum. Það er engan veginn ætlun mín í þessu verki að gera lítið úr einum eða neinum heldur velta upp þeim möguleikum sem vert er að skoða. Þetta er ekki hinn eini stóri sannleikur og síður en svo einhver ný uppgötvun fyrir mannkynið. En mín trú er sú að *hægist mein ef um er rætt*.

Þessi ritgerð er metin til 5 eininga í B.A. námi mínu í nútímafræði í félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, þar sem áhersla er á þverfaglega nálgun á sviði hugvísinda. Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu kennurum sem ég hef hitt á leið minni í

gegnum þetta nám. Öllum þeim sem hafa tekið mér opnum örmum til þess að ræða málin og gefið tíma sinn með glöðu. Einnig þeim kennurum sem voru tilbúnir að gefa tíma sinn og ræða hreinskilningslega um starf sitt en án þeirra væri bara hálf sagan sögð. Síðast en ekki síst þakka ég Kjartani Ólafssyni leiðbeinanda mínum fyrir að vera til staðar fyrir hugmyndir mínar, hafa veitt ráðleggingar og talið mér í trú um að ekkert sé ómögulegt. Með það að vopni kveð ég Háskólann á Akureyri og þakka fyrir mig með vinsemd og virðingu.

Elskuleg fjölskylda mín mamma, pabbi, Viðar, Freyja, Freysteinn og Heiða Ragneý þessi ritgerð er tileinkuð ykkur með von um betri heim okkur öllum til handa.

Mér er í mun

Mér er í mun að setja heiminn saman
Það lukkast aðeins stund og stund

Ég raða upp í augna minna ljós
mörgu sem ég minnst
mörgu sem bezt ég hugði samið og sagt

Byggi svo brýr og himna

Strengi vel þær brýr
set stjörnur á þá himna
kveiki líf á þeim stjörnum:
verur með viðkvæma sál
og sköpunargáfu

Þorsteinn frá Hamri, 1991

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Myndaskrá	2
1. Inngangur	3
1.1 Markmið	5
1.2 Mikilvægi	5
1.3 Uppbygging	5
2. Fræðileg umgjörð	7
2.1 Spegill samfélagsins	7
3. Af tónfætinum á mölina	9
3.1 Í tóninu heima	9
3.2 Á mölina	13
3.3 Mennt er máttur	15
4. Kennarastarfið	20
4.1 Hlutverk kennara	20
4.2 Kennarar í póstmódernískum heimi	21
4.3 Til lausna	23
5. Kenninga-landslag	25
5.1 Nútímasamfélagið	25
5.2 Nútímabarnið	27
5.3 Nútímakennarinn-skólinn	29
6. Rannsóknin	32
6.1 Rannsóknaraðferð	32
6.2 Réttmæti og áreiðanleiki	33
6.3 Rannsóknarspurningar	33
6.4 Þátttakendur	34
6.5 Framkvæmd og gagnagreining	34
6.6 Niðurstöður og greining	34
7. Nýir tímar-breytt samfélag	36
7.1 Nýir tímar-skólinn og samfélagið	36
7.2 Markaðsvæðing og einstaklingshyggja	38
7.3 Skólinn fyrir hvern?	41
8. Umræða	44
9. Lokaorð	46
Heimildaskrá	47
Netheimildir	52
Viðauki 1	55

Myndaskrá

Mynd 1. Vistfræðilíkan Belskys (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2004:316).....	28
Mynd 2. Notkun ritalins á Íslandi árin 1992-2002 (<i>Morgunblaðið</i> . 2004)	41

1. Inngangur

Nútíminn vísar til þess nýja heims þar sem ný félagsgerð verður til. Á sama tíma og einstaklingar eru mikið háðari hverjum öðrum er fjarlægðin á milli þeirra meiri en áður. Fólk þekkist ekki þó svo að það búi á sama blettinum. Þessi fíring verður til þess að margir eiga erfiðara um vik að finna sig í þessum nýja heimi sem kenndur hefur verið við póstmóðernisma, þar sem andstæðir pólar eru leystir upp og merking hluta brotnir niður.

Samfélag hefur verið skilgreint sem svæði þar sem fólk kemur sér saman um tákni eða reglur. Félagfræðingarnir Comte og Durkheim litu á samfélagið sem flókið fyrirbæri sem samsett væri úr mörgum þáttum þar sem allir hefðu það sem sameiginlegt markmið að tryggja vöxt og virkni samfélagsins. Skólinn, fjölskyldan, efnahagslífið, stjórnkerfið og menningin eru mikilvægir þættir þess. Á meðan það ríkir jafnvægi milli þessara þátta ganga hlutirnir vel fyrir sig í samfélaginu og það helst svo framarlega sem viðmið og gildi eru þau sömu. Mikilvægt er samkvæmt þessum kenningum, að skólinn og fjölskyldan deili sömu gildunum og viðmiðunum. Þá má velta því upp hvort það geti verið að fólk hafi misst sameiginlega sýn á tilgang hér á landi. Ætla mætti að samfélagið, heimili sem og skólakerfið þurfi endurskoðunar við þegar rannsóknir, *Eftirlitsstofnun Sameinuðu þjóðanna*, sýna að hvergi hafi verið meiri notkun á ritalini en hér á landi árið 2003 (*Fréttablaðið*, 3.mái 2005).

Skólinn og þar með kennarar ná til allra barna samfélagsins og því er mikilvægt að hann sé stofnun sem er til uppbyggingar og veiti þeim skjól sem búa við litlar félagslegar bjargar. Kennarastarfið er krefjandi og hefur ekki alltaf verið metið sem skyldi. Þó svo sé er mikilvægt að kennarar líti í eigin barm og hugsi hvað þeir geti gert betur í starfi og þeim ætti að vera ljúft og skylt að koma á framfæri þeim hlutum sem betur mættu fara, í skólakerfinu, á heimilum og í samfélaginu.

Skólasaga Íslands er ekki gömul, en hún hefur tekið miklum breytingum á síðustu hundrað árum rétt eins og íslenskt samfélag í heild sinni. Miklum breytingum fylgir oft rötleysi og tilgangsleysi, bönd samfélagsins trosna og fólk á erfitt með að finna sér farveg í breyttri heimsmynd. Síðustu þrjár til fjórar kynslóðir hafa lifað ótrúlegar breytingar og séð Ísland þróast úr frumstæðu bændasamfélagi í nútímasamfélag sem er í hringiðu alþjóðasamstarfs á öllum sviðum. Í þessu verkefni er ætlunin að rekja uppfræðslu í sögulegu ljósi. og menntun á Íslandi frá því á sautjándu öld til þess að undirstrika þær breytingar sem hafa orðið á íslensku þjóðlífi sem og hlutverki skólanna sem liggja oft undir því ámæli að hafa ekki fylgt þessum breytingum eftir. Til þess að auka skilning á samfélaginu, innviðum

Þess og breytingum sem orðið hafa er gagnlegt að grípa til kenninga félagsfræðinnar. Annars vegar þeim er lúta að samskiptum manna á meðal og hins vegar þeim er taka fyrir samfélagið í víðara samhengi.

Ljóst er að eitthvað er úr lagi gengið í samfélaginu: Íslendingar eiga heimsmet í rítalín notkun barna. Skólarnir eru í vandræðum að sinna kennslu vegna agavandamála og ekki eru allir sáttir við að hann hafi tekið sér uppeldishlutverk á herðar. Foreldrar standa í forundran yfir því að kennarar skuli ekki taka sérstakt tillit til þarfa barnsins þeirra sem er eðlilega í þeirra huga alveg einstakt.. Það er ekki ótrúlegt að sambúð foreldra og skóla verði ekki alltaf friðsæl og báðir aðilar segi: „ekki benda á mig“ ég sinni mínu, sinnt þú þínu.

1.1 Markmið

Kenningar í félagsfræði leitast við að skoða mynstur í samfélaginu og breytingar sem á þeim verða. Margar kenningar hafa verið settar fram og er markmiðið með þessari rannsókn að reyna að skilja og varpa ljósi á þær breytingar sem orðið hafa í samfélags og lúta að skóla sem stofnun. Kosti skólans og gallar verða skoðaðir og hvort hann hafi tilætlaða virkni og þá virkni fyrir hvern?

Félagsfræðikenningar eru sagðar á makró og míkro plani og leitast samvirknikenningar (functionalism) við að skoða og útskýra samfélagið og stofnanir þess út frá hlutverki þeirra. Þá var helst leitað í smiðju Durkheims, Giddens og Ulrich Becks. Kenningar sem snúa að daglegum samskiptum einstaklings í samfélagi eru nefndar samskiptakenningar og í því samhengi verður einkum stuðst við kenningar Simmels og Goffmans.

1.2 Mikilvægi

Það er dropinn sem holar steininn og allar rannsóknir og skoðanir eru mikilvægar fyrir samfélagið og heimsmyndina. Þetta verkefni er viðleitni í því að skilja heiminn, mannlífið, samfélagið og mikilvægi skólans sem eina af grunnstoðum nútímasamfélags.

1.3 Uppbygging

Í fyrsta kaflanum verða kynntar kenningar sem notaðar verða til greiningar á samfélaginu og grunnstoð þess, skólanum. Í öðrum og þriðja kafla verður farið yfir þróun og tilkomu fræðslulaga, skólaþróunin rakin, og breytt hlutverk skóla skoðað en það hefur tekið miklum umskiptum frá gamla bændasamfélaginu til hins hraða nútímaþjóðfélags. Þá er tæpt á agaleysi ungdómsins og breytingum þeim sem orðið hafa á samfélaginu í heimi alþjóðavæðingar, þar sem veruleiki barna er allur annar en sá veruleiki sem foreldrar þeirra ólust upp við. Því er næst er farið dýpra í þær kenningar sem notaðar eru til útskýringar á rannsókninni. Þeir sem helst koma að og verða hvað mest varir við breytingar í samfélaginu eru kennarar og má seint vanmeta þeirra sýn á samfélagslega þætti.

Þá verður leitast við að spegla samfélagið með viðtölum sem tekin voru við kennara og í umfjöllum blaða og fagtímarita um skólamála. Í fimmta kafla eru kynnt viðtöl við kennara og þau sett í samhengi við skrif og þjóðfélagssumræðu um menntamál. Það er ekki síst gert til

Brú yfir boðaföllin

Þess að dýpka skilning á hlutverki kennarans og upplifun hans í starfi. Í sjötta kaflanum eru helstu niðurstöður kynntar og reifaðar hugmyndir um það sem þyrfti frekari skoðunar við.

2. Fræðileg umgjörð

Það var Auguste Comte (1798-1857) sem fyrstur setti fram hugmyndina um samfélag og að það væri fyrirbæri sem þyrfti frekari skoðunar við, þar til má segja að það hafi verið ósýnilegt eins og súrefnið, svo samofið var það lífi fólks (Collins og Makowsky, 2005). Það má segja að félagsfræðin hafi orðið til sem fræðigrein á þessum tíma eða á níttjándu öld. Síðan hafa margar kenningar komið fram um samfélagið, áhrif þess og hlutverk. Félagsvísindunum er ætlað að benda á það sem aflaga fer í samfélaginu og sýna með rannsóknum fram á hvað krefst frekari skoðunar (Helgi Gunnlaugsson, 2000:159). Í þessum kafla verður greint frá þeim kenningum sem hafa haft mikil áhrif á skilning manna á einstaklinginn í nýrri og breyttri mynd samfélagsins það er (síð)nútímans.

2.1 *Spegill samfélagsins*

Upphaf félagsfræðinnar sem akademískrar vísindagreinar má rekja til iðnbyltingarinnar og frönsku byltingarinnar. Fram að því höfðu samfélög verið kyrrstæð og ekki tekið stórum breytingum. Þær gífurlegu breytingar sem urðu á þessum tíma kölluðu hins vegar á áður óþekktar útskýringar, þar sem samfélagið er skoðað í heild sinni og smærri einingar innan þess. Til greiningar á mannlífinu er gagnlegt að leita í smiðjur annarra fræðigreina en félagsfræðinnar og má nefna sagnfræðina sem dæmi þar um.

Fjöldi samverkandi þátta í erfðum og umhverfi leika stórt hlutverk í sjálfsmynd einstaklings strax við fæðingu bíður hans félagsmótun innan þeirrar félagsgerðar sem hann fæðist í og markmiðið að gera hann að nýtum þjóðfélagsþegni. Félagsmótun er breytileg í tíma og rúmi, þær breytingar sem orðið hafa á íslensku samfélagi á síðustu öld eru gífurlegar og hefur fjölskyldan, sem hér áður var nánast eini mótunaraðilinn, vikið fyrir dagvistun, skólum og margskonar annarri miðlun. Mikilvægustu og mest umtöluðustu árin í ævi einstaklingsins eru ungdómsárin. Þetta tímasteið hefur sífellt verið að lengjast með lengri skólagöngu, vegna vaxandi atvinnuleysis og nú á seinustu árum vegna laga sem takmarka vinnu barna og unglunga. Þá blasa önnur vandamál við unga fólkinu í dag heldur en foreldrum þeirra og annar veruleiki en áður þar sem foreldrar ná ekki nema að hluta að miðla sameiginlegri reynslu (Garðar Gíslason, 1997:9-52).

Félagsfræðingurinn Durkheim leit á samfélagið sem lífræna heild þar sem stofnanir hefðu stóru hlutverki að gegna. Skólinn, kirkjan, stjórn málin og fjölskyldan væru stofnanir sem þjónuðu mikilvægum tilgangi. Hann taldi að hraðfara breytingar hefðu slæm áhrif á

samfélagið og hætta væri á samfélagslegri upplausn sem leiddi til þess að einstaklingar misstu sjónar á tilgangi sínum. Þetta kallaði Durkheim siðrof. Nú í seinni tíð hefur hugtakið verið notað í auknu mæli til útskýringar á því ástandi sem ríkir í nútímavæddum samfélögum (Collins og Makowsky, 2005). Simmel taldi að það mætti rekja til þeirra miklu breytinga sem urðu við frönsku byltinguna á átjándu öld þar sem fjötrar áttuga, stjórn mála og trúarbragða voru að verða þýðingarlausir. En þessum fjötrum sem hafði verið þröngvað upp á manninn. Vegna þessa varð krafa um frelsi og jöfnuð sífellt háværi. Auk þess sem krafist var réttar hvers einstaklings til að velja sér búsetu og fá að njóta hæfileika sinna. Þessa eiginleika hafði náttúran gefið öllum en samfélagið og sagan svipti marga. Einstaklingar höfðu öðlast frelsi frá fjötrum fortíðar og vildu skapa sér sérstöðu meðal annarra manna. Saga nútímans markast af baráttu þessara tveggja póla um það hvernig eigi að skilgreina hlutverk einstaklingsins í samfélaginu (Simmel, 2004).

Nú á seinustu árum hefur félagsfræðingurinn Ulrich Beck sett fram spurningu um hvort krafan um frelsi hafi verið einstaklingnum og samfélaginu til góðs (Ulrich Beck, 1999:8-9). Frelsi til þess að velja í heimi sem hefur bara eitt takmark það er eiginhagsmunir og gróði (Collins og Makowsky, 2005:44). Skólinn, sem ein af grunnstofnunum samfélagsins, þjónar því hlutverki að gera einstaklinginn sem hæfastan til starfa í samfélaginu og færan um að mæta kröfum um þekkingu sem snýr að hagsmunum samfélagsins. Ef hagsmunir stofnana samfélagsins skarast verður viðkomandi stofnun að víkja fyrir hagsmunum markaðarins og þannig hefur fjölskyldan orðið að víkja fyrir hagsmunum hans (Merton, 1938/2005:37-43). Þeir einstaklingar sem hafa ekki þann hæfileika sem samfélagið og þar með skólinn æskir lenda utan þess ramma hvort sem litið er á félags, eða menntunarpáttinn. Þeir eru stimplaðir og hætta á að þeir leiti í önnur markmið sem oft eru tengd frávikshegðun og hunsu gildi og reglur sem samfélagið setur. Þetta er hvorki þeim sjálfum né samfélaginu til heilla. Goffman er einn þeirra fræðimanna sem sett hafa fram kenningar um frávikshegðun. Þar byggir hann á einstaklingum sem lenda í því að vera stimplaðir af samfélaginu eða hópum sem eru „öðruvísi“ á neikvæðan hátt.

Antony Giddens hefur sett fram kenningar um þær breytingar sem alþjóðavæðingin hefur haft í för með sér. Það sem einkennir þennan nýja heim er alþjóðlegur flutningur á fjármagni frá einum heimshluta til annars og hnattræn samskipti milli fólks um víða veröld. Þessi tækni breytir lífsmynstri og tengir einstaklinga sitt hvoru megin á hnettinum nánari böndum en einstaklinga í sömu íbúð og/eða húsi (Giddens, 1999:8-15). Því er ljóst að alþjóðavæðingin hefur haft áhrif á einstaklinga sem og samfélagið allt, þar með talið skólana.

3. Af túnfætinum á mölina

Í þessum kafla verður farið í ferð um söguna þar sem skoðaðar verða þær breytingar sem hafa orðið á uppfræðslu til formlegs skólahalds. Það má segja að saga menntunar frá einveldisöld megi skipta í tvennt. Annars vegar frá skipun konungs 1635 og til 1907 þegar hin formlega skólasaga hefst hins vegar. Þá er hér leitast við að skoða breytingu á hlutverki ungdómsins, sem og ögun og agaleysi hans.

3.1 Í túninu heima

Menntun og menning var í hávegum höfð allt fram á þrettánda öld (Jón J. Aðils, 1903:97). Það má segja að alþingi hafi verið hinn eini sanni skóli þjóðarinnar, hvorutveggja alþýðuskóli og háskóli. Með kristni kom fram hugmynd um nauðsyn þess að hvert barn hlyti uppfræðslu nokkrir skólar voru stofnaðir. Má þar nefna skóla í Haukadalei þar sem meðal annars Ari fróði gekk í (Gunnar M. Magnúss, 1939:7-8). Á seinni hluta fjórtánda aldar og á fimmtánda öld hnignaði menntunarástandi þjóðarinnar og fólk bjó við andlegt ófrelsi og harðstjórn erlendra biskupa og hirðstjórnar konungs sem börðust um völd og fé. Svartidauði felldi fjölda manns og þar á meðal stóran hluta af menntuðum mönnum landsins. Þetta mannfali dró kjark úr þeirri kynslóð sem kom á eftir og hafði það langvarandi áhrif á menntun þjóðarinnar (Gunnar M. Magnúss, 1939:10-11).

Þessi söguskoðun hefur verið kölluð gullaldarskoðun en önnur skýring er sú að þær stéttir sem ekki tilheyrðu valdapyramída voru ekki taldar með. Bændur sameinuðust um hagsmuni sína þrátt fyrir að misrétti hafi verið gífurlegt. Skipting í stéttir var ekki aðeins mótuð af samfélaginu, heldur mótaði samfélagið gerð þess og þann skilning sem einstaklingar innan þess höfðu á sínum eigin hagsmunum. Félagsmótun byggðist á framleiðslu og endurframleiðslu bændastéttarinnar. Landbúnaðarsamfélagið takmarkaði fólksfjöldann og bændur á landinu höfðu hag af því að halda óbreyttu ástandi til að viðhalda því valdi sem þeir höfðu.

Samkvæmt húsagatilskipuninni höfðu húsbændur leyfi til að koma fram með sama hætti við vinnufólk sitt og börn sín og jafnvel hirta það. Íslenskt vinnufólk átti ekki um marga kosti að velja. Það sem styrkti þetta kerfi voru lögin sem kváðu á um að hvert sveitaheimili hefði yfir að ráða landi við sjó, sem gerði öðrum en bændastétt óheimilt að setjast þar að. Með því komu bændur í veg fyrir að tekið væri af þeim vinnuafli (Guðmundur Hálfðanarson, 1993:9-56).

Lög um skipulega uppfræðslu ungmenna á Íslandi barst með konungsbréfi árið 1635. Það bréf innihélt tilskipun þess efnis að biskupum, próföstum, prestum og kirkjuþénurum var ætlað að sjá um að kenna og hlýða börnum yfir fræðin. Danskir valdamenn leituðu úrbóta á agaleysi landans og mæltu fyrir um líkamlegar refsingar (Loftur Guttormsson, 1983:68-72). Árið 1790 var gefin út tilskipun um fræðslumál þar sem kröfur voru gerðar til fermingarbarna í lestri ásamt kunnáttu í kristnum fræðum (Ingi Sigurðsson, 1996:102). Þessi stefna hefur verið kölluð heittrúarstefnan (pietisminn) og var hún færð hér í lög að skipun Harboes¹ og kirkjustjórnarráðsins í Kaupmannahöfn (Loftur Guttormsson, 1983:63).

Jón Espólín segir í árbók sinni um árið 1775-1776 að það sem einkenndi uppeldi á einveldisöld hafi verið ströng hlýðni og harðræði. Kristindómurinn sem og önnur vísindi voru kennd orðrétt og skilningur látinn liggja milli hluta (*Upplýsing og saga*, 1982:170-171). Áherslur í uppeldismálum tóku miklum breytingum með tímabili sem kennt er við upplýsingu sautjándu aldar.

Kenningar upplýsingarinnar um fræðslu og uppeldismál voru margar hverjar nýstárlegar og má nefna heimspekingana John Locke og Jean-Jacques Rousseau sem boðbera nýrra tíma þar sem erfðarsyndarhugmynd kirkjunnar var vísað á bug. Þar komu hugmyndir um að gott uppeldi og fræðsla gætu beint einstaklingnum á braut til gæfu. Áhrifa upplýsingarinnar gætti ekki að ráði hér fyrr en á 18. öld en þá var horfið frá hinu stranga uppeldi og voru skrif Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal og Baldvins Einarssonar gott dæmi um breytt viðhorf til uppeldis (Loftur Guttormsson, 1990:151). Skrif Baldvins Einarssonar um uppeldismál komu fyrst fram á prenti í ritinu „Ármann á Alþingi“, sem komu út árin 1828-1829. Þessi skrif báru heitið *Uppeldi varðar mestu*, þar sem hann mælti fyrir um hve gott uppeldi væri mikilvægt fyrir bændur og hjú (Ólafur Rastrick, 1995:9).

Það var trú upplýsingarmanna á borð við Magnús Stephensen og Baldvin Einarsson að breyta mætti uppeldisaðferðum án þess að ógna undirstöðu hinnar ráðandi stéttar sem var bændastéttin (Guðmundur Hálfðanarson, [ártal óuppgefið]).

Í einfaldara þjóðfélagi er miðlun fastmótaðri og má því segja að sú menntun sem hér hafi farið fram hafi verið til þess fallin að þjálfra börn til almennra bústarfa en ekki til bóknáms. Þannig hófst aðlögun yngri kynslóðarinnar að heimi hinna fullorðnu og kennslan fólst í menningarmiðlun þar sem einstaklingar miðluðu þekkingu til nýrra kynslóða (Wolfgang Edelstein, 1988:38). Á 18. öld höfðu yfirvöld áhyggjur af lélegu uppeldi barna á

¹ Danskur klerkur sem kom til landsins til þess að rannsaka kirkjumál hér á landi.

Íslandi, þó ekki sé líklegt að vanræksla hafa verið meiri þá en áður, en hertar uppeldiskröfur heittrúarmanna hafa trúlega breytt sýn þeirra þar á (Loftur Guttormsson, 1983:76).

Húsráðendum var ætlað mikilvægt hlutverk í kirkjulega heimafræðslukerfinu. Það kom í hlut sóknarpresta að fylgjast með hvernig þeir gegndu því. Börn voru snemma sett til verka hér á landi og þurfti ekki tilskipunar við þess efnis, en annað var upp á borðinu þegar um bóklærdóm var um að ræða. Það litla sem var iðkað var guðsorðið og var það aðeins sáluhjálparatriði vegna framhaldslífs (Loftur Guttormsson, 1983:163). Sú þekking sem var miðlað var sú reynsla sem kyrrstætt samfélag byggir á. Öll samskipti barna við foreldra og hjú voru í starfi jafnt sem leik (Wolfgang Edelstein, 1988:71).

Formgerð þjóðfélagsins hélst lítið breytt langt fram eftir 19. öld, en þegar fólksfjöldun var orðin varanleg kom í ljós hve lög um jarðnæði til stofnun hjúskapar voru heftandi. Með öllum ráðum var reynt að hefta myndun þéttbýlis en þróuninni varð ekki breytt. Fólk tók að flykkjast að sjávarsíðunni og þóttu uppeldisaðstæður þar lítt sæmandi. Það var því ekki að ástæðulausu að barnaskólar voru fyrst settir niður í þorpunum við sjávarsíðuna (Loftur Guttormsson, 1983:128-130).

Árið 1853 lagði konungsfulltrúi fram fyrir þingið frumvarp til tilskipunar um stofnun barnaskóla í Reykjavík. Nefnd var kosin til þess að skoða málið. Einn nefndarmanna, Vilhjálmur Finsen bæjarfógeti, hélt ræðu þar sem kom fram að þörf væri á barnaskólum í Reykjavík og víða um land. Það hefði skýrt komið í ljós eftir lokun barnaskólans í Reykjavík, sem starfræktur var 1830-1848 (Gunnar M. Magnúss, 1939:90), hve nauðsynlegur hann hafi verið og menn „fundið meira og meira til þess, hve áriðandi og nauðsynlegur fyrir barnauppfræðinguna og siðferðið slíkur skóli er fyrir bæinn“ (Gunnar M. Magnúss, 1939:90).

Mikið þóf var um hvers konar skóla skyldi starfrækja fyrir „almúgabörn“ eða „borgarbörn“. Jón Sigurðsson forseti² var með ákveðna afstöðu til þessa máls og sagði meðal annars að Íslendingar stæðu verr en aðrar þjóðir hvað varðaði góða reglusemi, hlýðni og samvinnu. Taldi hann vandann liggja í að landsmenn skorti skóla. Hann taldi það sýnilegt, einkum þar sem þéttbýlt var, að bóklegri kennslu væri ábótavant. Enn fremur segir hann:

Það er sorglegt að sjá, hvernig börn á þessum stöðum liggja eins og dýr við bæjarvegginn allan daginn eða velta sér um bæjarhlaðið og venjast á það sem börn að gera ekkert og læra ekkert; þetta er því miður of satt og kemur líka

² Jón Sigurðsson var og er kallaður forseti þó að hann hafi ekki verið forseti lýðveldisins Íslands heldur forseti þingsins

fram á hinum fullorðnu; því að eins og Íslendingum er hrósað fyrir bókfræði, eins er þeim almennt brugðið um óreglu, leti og óhlýðni (Gunnar M. Magnúss, 1939:94).

Eins og hér að framan má sjá virðast áhyggjur líkar þessum vera til staðar á öllum tímum þar sem samfélagið virðist gera kröfu um að einstaklingurinn hagi sér á tiltekinn hátt, (Giddens, 1972:203). Á þessum tíma virtist aðgerðarleysi vera hinn mesti óvinur unga fólksins. Eftir margra ára þóf var árið 1860 gefið út skipunarbréf um skóla sem var sigur þeirra sem vildu menntun fyrir alla eða „menntunarskóla fyrir alþýðu“ (Gunnar M. Magnúss, 1939:90-95).

Eftir 1880 fór að koma meiri skriður á fræðslumálin og á Alþingi árið 1887 voru lögð fram þrjú frumvörp sem við komu alþjóðfræðslunni. Ekkert af þessum frumvörpum náði fram að ganga en smám saman náðu nýjar hugmyndir meiri festu og vöktu skilning fólks á þörfinni. Fræðslulögin 1907 áttu sér langan aðdraganda og í raun fólst hann í öllu viðreisnarstarfinu, sem reisti þjóðina úr þeim rústum sem einokunartímabilið hafði haft í för með sér. Aldamótakynslóðin lagði hornstein að nýjum og breyttum tímum í íslensku þjóðlífi og þá eru skólamálin með talin. Erlendir straumar bárust hingað til lands og vegna áhrifa þeirra skapaðist ný og meiri framleiðsla, viðskiptalíf blómgaðist og nýir atvinnuhættir urðu til, bæði á sjó og landi. Þessar breytingar bættu fjárhag þjóðarinnar og þar með traust hennar á sinn eigin mátt (Gunnar M. Magnúss, 1939:153-157).

Með breyttum þjóðháttum komu fram áhyggjur af spillingu unga fólksins og þá ekki síst vegna þess hve fjölmennið hafði slæm áhrif á það (Gunnar M. Magnúss, 1939 og Hallgrímur Jónasson, 1932). Jónas frá Hriflu var mikill áhugamaður um menntamál landsins. Hann vildi halda í heimafræðslukerfið og þegar börnin eltust þá myndu heimavistar- og húsmæðraskólar taka við menntun þeirra. Þar átti að leggja áherslu á þjóðleg fræði og hagnýt vinnubrögð. Þetta var meðal annars tilraun til þess að halda unga fólkinu í heimahögunum. Eins og alkunna er vildi Jónas af öllum mætti stöðva þéttingu byggða og taldi að í þéttbýli væri uppspretta siðleysis (Kennaraháskóli Íslands, 2005). Hann skrifaði eftirfarandi í *Skinfaxa*:

Reynsla manna hvarvetna í heiminum hefir sýnt og sannað að kjarnmeira fólk yfirleitt, sterkara andlega og líkamlega vex upp og lifir í sveitum en í borgum og kauptúnum. Því fleira af íbúum einhverrar þjóðar sem lifa í borgum, því meiri hætta er á afturför og hnignun. Ekki þannig, að allir séu

eða verði aumingjar í borgunum, heldur að þar verður tiltölulega mikið meira af gildislitlu fólki en í sveitunum (*Skinfaxi*, 1913).

Viðbrögð Jónasar sýna mikilvægi hefðarinnar og er með öllum mætti reynt að halda í hana en hún er komin til fyrir tilstuðlan valds (Giddens, 1999:2-3) sem átti eftir að taka róttækum breytingum hér á landi á tuttugustu öldinni.

3.2 *Á mölina*

Það er gömul saga og ný að hinir fullorðnu hafa áhyggjur af komandi kynslóð. Agaleysi og frjálstræði barna varð því snemma viðfangsefni skólanna. Breytingar á fjölskylduháttum kollvörpuðu áður þekktu fjölskylduformi, þar sem þrjár kynslóðir bjuggu undir sama þaki. Sífellt varð algengara að börn kæmu eftir skóladaginn að mannlausum húsum og þyrftu að sjá um sig sjálf. Íslensk börn bjuggu við mikið frjálstræði og agaleysi (t.d. Hallgrímur Jónasson, 1932 og 1935, Hannes J. Magnússon, 1937, Helgi Þorláksson, 1969). Það uppeldisform sem þjóðin hafði búið við var að líða undir lok, frá þeim búsháttum þar sem ræktun var undirstaða og til þeirra framfara sem urðu í sjávarútvegi. Menn töldu að það myndi taka langan tíma að byggja nýjum heimilum þá festu, öryggi og skjól sem gömlu sveitarheimilin bjuggu börnum sínum (Hannes J. Magnússon, 1937).

Árið 1946 voru sett ný fræðslulög þar sem reynt var að finna lausn til handa þeim börnum sem eru til „spillis“ fyrir skólana og tillögur komu fram um að setja á stofn einskonar heimili eða skóla þeim til handa. Í 6. grein fræðslulaganna stendur að þeir sem ekki geta stundað nám í venjulegum barnaskólum:

...sakir heilsubreysts eða annarra líkamlegra annmarka (svo sem blindu, heyrnarleysis o.fl.) eða þau eru til spillis starfi skólanna. Um hin fyrirtölu þarf varla að fara mörgum orðum. Sú mannúð er fyrir löngu viðurkennd - í orði kveðnu a.m.k. – að eigi megi neinn gjalda þess í mannréttindum, að heilsa hans sé ekki heil. Um hin síðartölu, vandræðabörnin, gegnir raunar sama máli. Á þau ber að líta sem andlega vanheil og fara með þau eftir því. Sú er niðurstaða allra uppeldisrannsóknna, sem gerðar hafa verið á þeim. Skynsamlegar uppeldisráðstafanir er hin eina lækning, sem hægt er að veita þeim. Með þeim ráðum einum er hægt að firra þjóðfélagið þeim vandræðum, sem af þeim stafa ella, og gera þau í sumum tilfellum nýta þegna, og til þess verður að sjá þeim fyrir vist í sérstökum skólum eða stofnunum við þeirra

hæfi.- Námstími eða öllu heldur uppeldistími þessara barna er skoðaður sem lækningatími. Því þykir rétt, að heimild sé til að áætla hann lengri en skyldunámstíma heilbrigðra barna (Gunnar M. Magnúss, 1946:61-62).

Ísland breyttist mjög hratt úr kyrrstæðu bændasamfélagi í nútímasamfélag. Það má ætla að staða landsins í seinni heimstyrjöldinni hafi haft þar áhrif á. Hagur landsins vænkaðist og flutningar urðu úr sveitum í bæi (Helgi Þorláksson, 1969:180-181). Þessu umróti fylgdu breytingar á framleiðsluháttum, markaðnum og þörfunum. Við þessa þróun urðu breytingar á félagsskipan áður var veröld foreldra veröld barna og reynsluheimurinn sá sami þar sem þrjár kynslóðir bjuggu oft saman á sama heimili. Sterkasta aflið var hefðin sem var bundin í hægfara þróun þar sem staðfestan var meiri en þær breytingar sem urðu kynslóða á milli. Þetta þjóðfélag hrundi þegar breytingar urðu á framleiðsluháttum og verkaskipting og sérhæfing jukust (Wolfgang Edelstein, 1967:2-39). Hugmyndir um að hefðin væri eitthvað sem treysta mætti á og myndi erfast kynslóða á milli veittu öryggi en það kom í ljós að hefðin var ekki einu sinni trygg, hún var jafn breytileg eins og annað og aðeins hluti af veruleika nútímans (Giddens, 1999:36-41).

Foreldrar barna sem ólust eru upp í þjóðfélagi sem einkenndist af hefð og staðfestu átta sig síður á hlutverki sínu. Áður var vinnuumhverfi samofið heimilunum en nú miðla foreldrar ekki lengur til barna daglegu hlutverki sínu. Þetta verður til þess að framleiðsluhættir og vinnuumhverfi eru börnum ókunn og þau átta sig ekki á veruleikanum sem krefst frekari greiningar við. Þetta er aðeins dæmi um hve íslensk börn eru afskipt og það sem kallað er frjálsræði er réttara að kalla orðlaust afskiptaleyfi og er líkast því sem börn í lágstéttum í Bretlandi búa við (Wolfgang Edelstein, 1967:35-38 og 1988:21).

Wolfgang Edelstein, doktor í uppeldisfræðum, vildi meina að æskan stæði ráðvillt inni í hröðum breytingum. Fátt er það sem ekki hefur tekið stakkaskiptum svo sem framleiðslugeta, markaðurinn og þarfirnar. Stofnanir samfélagsins, bæði stjórn mála- og félagslegar reyna að fylgja þeim eftir og hafa breyst þó hægar yrði. En þó er það ein stofnun sem ekkert hefur breyst og það eru skólarnir en þeir miðla eins og við á í kyrrstæðri samfélagsgerð (Wolfgang Edelstein, 1967:1-4 og 35-38).

3.3 Mennt er máttur

Hlutverk skóla á Íslandi hefur þróast frá upphafi skólahlads, hið sama má segja um kennslugreinar og markmið. Árið 1842 sagði Jón Sigurðsson forseti að það væru þrjú mál sem Íslendingar ættu að leggja áherslu á, alþingismálið, skólamálið og verslunarmálið. Tilgangur skólans yrði að:

...búa svo undir hverja stétt, að hver þeirra í sinni röð styðji framför alls landsins, allrar þjóðarinnar, svo vér gætum smám saman komizt þannig á fót, að vér gætum fylgzt með framförum hinna menntuðu þjóða á sérhverri öld, eftir því sem kostur er á, og sigrað flesta tálma, sem þar verða á vegi vorum, en alþingi verður ljósastur vottur hvort þetta heppnast eður ekki (Gunnar M. Magnúss, 1946:4).

Áður hafði verið stofnaður skóli 18. febrúar 1830 í Reykjavík, þar sem fimmtán börn hófu nám. Ýmsir erfiðleikar komu upp í húsnæðismálum og rekstri skólans, hann var lagður niður í maí 1849. Það sem gerðist næst markvert í málum barnaskóla var að árið 1853 var lagt fyrir Alþingi konunglegt frumvarp þar sem tilskipun var um stofnun barnaskóla í Reykjavík. Í október árið 1862 var stofnsettur Barnaskólinn í Reykjavík og í sama mánuði er gefin út reglugerð fyrir skólann og jafnframt instrúx³ fyrir kennara. Seinna eða árið 1867 voru skólareglur gefnar út (Ármann Halldórsson, 2001:17-63).

Árið 1907 var lagt fram frumvarp til fræðslulaga sem var samþykkt á Alþingi. Lögin kváðu á um skólaskyldu frá tíu til fjórtán ára barna. Þar sem ekki voru skólalúsi eða fastir skólar, skyldi kennsla fara fram á heimilum eða í farskóla undir leiðsögn kennara. Guðmundur Finnbogason einn helsti menntafrömuður landsins á þessum tíma, segir í bók sinni *Lýðmentun*:

...að skólar séu eins og allir vita, stofnanir sem þjóðfélagið, eða minni félög manna, eða einstakir menn setja á fót til að veita hinni uppvaxandi kynslóð menntun. Að þeir séu nauðsynlegir er ljóst af því að foreldrarnir, sem fyrst og fremst eru skyldir að annast menntun barna sinna, geta það sjaldnast af eigin ramleik (Guðmundur Finnbogason, 1903:121).

³ Instrúx: Leiðbeiningar, fyrirmæli (komið úr danska orðinu instruk'tion).

Árið 1926 voru sett ný fræðslulög og aftur 1936 þar sem aðal breytingin fólst í því að skólaskylda barna var færð niður í átta ára aldur. Einnig var mælt til þess að farskólakennsla legðist sem mest af og heimavistaskólar tækju við því hlutverki sem hún hafði hingað til sinnt. Í frumvarpi til laga árið 1936 kom fram:

Sú hugsjón hefur átt sér æ fleiri formælendur, að skólarnir eigi að haga störfum sínum á þá lund, að hver einstaklingur fái sem best notið sín og hljóti það uppeldi og fræðslu, sem henta best eðli hans. Þetta eru hin frumstæðustu mannréttindin. Af þessum hugsunarhætti hefur leitt, að margar rannsóknir og athuganir hafa verið gerðar á þroskaferli barna og niðurstöður þessara rannsókna hafðar að leiðarstjórnun í starfi skólanna. Kennarastarfið hefur því smám saman krafizt meiri kunnáttu og menningar.-Það er hvort tveggja þetta mannræktar-sjónarmið sem og hinar beinu þarfir þjóðfélagsins, sem hafa verið við skipun barnafræðslunnar. (Gunnar M. Magnúss, 1946:59)

Hvert sem litið er má sjá vandamál sem upp koma í þjóðfélaginu og ekki síst vegna uppeldismála, þessi vandamál krefjast nýrra lausna, þá er leitað til skólanna og segja má að sú uppeldislega ábyrgð sem á skólanum hvílir sé honum ofvaxið. Ábyrgð skólanna hefur vaxið um leið og uppeldisáhrif heimilanna hafa þorrið og er það kennurum ljóst. Því virðast straumarnir vera í þá átt að gera skólann að minni fræðslustofnunum en meiri uppeldisstofnunum (Hannes J. Magnússon, 1937:38-48). Í lögum um fræðslu barna frá árinu 1946 er hlutverk barnaskóla samkvæmt 1. grein:

Barnaskólar skulu leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur, vera á verði um líkamshreysti þeirra og veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum, hverjum eftir sínum þroska (Gunnar M Magnúss, 1946:50).

Um áramótin 1947-1948 sendi fræðslumálaskrifstofan kennurum spurningalista um ýmis atriði varðandi hlutverk skólans þá töldu 79,6 % kennara að skólinn hefði hlutverki að gegna bæði sem uppeldis- og menntastofnun (Guðjón Jónsson, 1954:49-53).

Markmið skólans hefur verið byggt á þessum tveimur stoðum frá upphafi skólalahalds hér á landi annars vegar kennslu og hins vegar uppeldi. Auknar áherslur á hlutverki skóla

sem uppeldisstofnunar verður að líta á í ljósi þess að þjóðfélagsaðstæður hafa breyst gífurlega. Þannig voru skilyrði barna á heimilum orðin öll önnur á sjöunda áratugnum í samanburði við fyrri tíma. Nú vann faðirinn frá heimili allan daginn en áður gátu börn notið návistar við hann á og í kringum heimili. Breytingarnar verða þær að í stað þess að heimili sjái um að bera ábyrgð, þá er það þjóðfélagið sem sér um það. Þó svo að skólinn hafi tekið að sér uppeldishlutverk þarf að passa upp á það að það skyggi ekki á kennsluna (Jon Naselund, 1969:12-13).

Hlut skóla í uppeldi hefur þó verið gert mishátt undir höfði og á áttunda og níunda áratug síðustu aldar var lítið fjallað um uppeldisgildi skólans. (Kristján Kristjánsson, 2002:53-54). Til þess að skoða hvort svo hafi verið ákvað rannsakandi að skoða *Menntamál* sem var seinna breytt í *Ný menntamál* sem bandalag kennara gefur út. Við skoðun kom í ljós að örfáar greinar frá þessum tíma fjölluðu um uppeldishlutverk skóla það sem var undir orðflokknum uppeldismál í efnisyfirliti var um afbrýðissemi barna, börn og tónlist og uppeldishlutverk fjölmiðla. Þetta styður að uppeldishlutverk skóla virðist ekki áberandi í fagtimaritum kennara á þessum árum.⁴

Eins og hér að framan má sjá hefur hlutverk skóla lengi verið fólki hugleikið og hvaða stefnu beri að taka. Einnig hafi oft komið fram áhyggjur að því lútandi að uppeldið megi ekki yfirtaka fræðslugildi skólanna. Það urðu miklar breytingar þegar sálfræðingar, félagsfræðingar og uppeldisfræðingar fóru að setja fram kenningar um nám, námsefni, kennslu og kennsluhætti. Þessar breytingar eiga rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna þar sem menn töldu menntakerfið hafa brugðist þegar Rússar urðu fyrri til að koma mönnum geimfari á loft árið 1957 (Kristinn B. Guðmundsson, 1995:7-8).

Árið 1966 var skólarannsóknardeild falið að kanna forsendur fyrir umbótum á skólastarfi á Íslandi. Grunnskólalöggjöfin árið 1974 var afrakstur þess og voru ýmsar úrbætur og breytingar gerðar sem hafa fengið á sig allharða gagnrýni (sjá Broddi Jóhannesson, 1978:7-34 og Helga Sigurjónsdóttir, 1999) þó mörgum hafi þótt stigið mikið framfaraskref (Gunnar E. Finnbogason, 2002:51 og Wolfgang Edelstein, 1988:111-139). Með lögum um grunnskóla árið 1974 var skólaskylda lengd um eitt ár og áherslubreytingin var töluverð en í því samhengi má helst nefna aukna kröfu um jafnrétti til náms (lög um grunnskóla, 1974).

⁴ Til stuðnings gerði höfundur ritgerðar sér ferð á Amtbókasafnið og bað bókasafnsvörð um að koma með af handahófi tvo árganga af *Ný Menntamál* frá áttunda eða níunda áratugarins til þess að gæta þess að hlutdrægni gætti ekki í vali. Tveimur árgöngum var flett og í ljós kom að aðeins tvær greinar fjölluðu um uppeldishlutverk skóla

Þroskaskertir fengu sama rétt til menntunar og aðrir, skólastarfið skyldi vera sveigjanlegt og hver nemandi átti að geta farið á sínum hraða í gegnum grunnskólann. Aukin áhersla var lögð á aukna ráðgjöf til skólabarna og fjölskyldna, ekki síður en til kennara og starfsfólks skóla (Gunnar E. Finnbogason, 2002:41-47).

Í Aðalnámsskrá árið 1976 er lögð áhersla á þær breytingar sem hafa orðið frá einföldu bændaþjóðfélagi til flókens samfélags þar sem sérhæfing er sífellt meiri. Meiri hluti fólks býr í þéttbýli og algengt er að foreldrar vinni báðir utan heimilis. Tengsl milli kynslóða eru því að mörgu leyti orðin „fátæklegri og ópersónulegri“ og þróun tækninnar, fjölmiðla og samgangna valda því að kynslóðin sem þá er að vaxa úr grasi verður fyrir fjölbreyttari áhrifum en áður frá umhverfi sínu. Breyttar aðstæður leggja skólanum aukið uppeldishlutverk á herðar og skólinn þarf að stuðla að þroska einstaklings sem sjálfstæðs og gagnrýnins þjóðfélagsþegns og gera hann færna til að afla upplýsinga, vega þær og meta (*Aðalnámsskrá grunnskóla*, 1976:6-14). Eigi að síður var lögð á það mikil áhersla að skólinn væri ekki með innrætingu af neinu tagi. Skólinn hafði lítið breyst fram að grunnskólalögunum 1974. Þessar breytingar urðu þess valdandi að aldagömul sátt var rofin milli heimilis og skóla og foreldra og kennara sem nánar verður útskýrð (Kristinn B. Guðmundsson, 1995:8).

Skólanum var breytt í uppeldiskóla, þar sem miðstýring og forræðishyggja voru allsráðandi. Á kostnað hæfra kennara voru fleiri starfsmenn í stöðum sem kölluðu enn frekar á, stigveldisskipulag. Kennarar höfðu misst völd yfir starfi sínu, foreldrar farnir að ráðast yfir á verksvið þeirra. Í gamla skólanum voru hlutverk kennara og foreldra skýr. Heimili og skóli vissu um þá línu og töluðu sama máli (Helga Sigurjónsdóttir, 1999:5-30). Árið 1989 var tekin í gildi ný Aðalnámsskrá grunnskóla og þar kemur fram að:

Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelltri þróun. Starfshættir skólans skulu mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið (*Lög um grunnskóla*, 1989).

Skólum er skylt að setja skólareglur samkvæmt lögum um aga í grunnskólum nr.385/1996 Árið 2000 var bætt inn í reglugerð lögum númer 270/2000, (Reglugerð 2000) þar er skólum gert skylt að leita allra leiða til þess að vinna úr hegðunarvandkvæðum barna, ávallt í samráði við foreldra og ef ekki tekst að leysa málið skal það sent til menntamálaráðuneytisins. Með

Brú yfir boðaföllin

öllu er óheimilt að víkja nemenda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði til náms (Menntamálaráðuneytið, 2002). Þegar fjallað er um skólastarf og agavandamál þarf að kynna til sögunnar eina stétt manna fremur en aðra, það er kennarastéttin.

4. Kennarastarfið

„Kennarar eru akuryrkjumenn á andans akri þjóðarinnar, þeim er falið á hendur að búa barnssálirnar undir lífið og gróðursetja fræðin sem framtíð þjóðarinnar sprettur upp af. Þeir eru settir til að vekja til lífsins hæfileika barnanna og beina þeim í rétta átt“ (Guðmundur Finnbogason, 1903:154).

4.1 Hlutverk kennara

„Að kenna er list“ skrifar Guðmundur Finnbogason árið 1903 og til þess að geta kennt þarf tvennt til: „að kunna það sem kenna á og að kunna að kenna öðrum það“ (Guðmundur Finnbogason, 1903:196). Guðmundi var veittur styrkur til utanfarar til þess að kynna sér málefni skóla og kennara. Í bók sinni *Lýðmentun* fjallaði hann um launakjör og hans tillaga var sú að kennaralaun ættu að vera það há að kennarar gætu helgað starfinu alla krafta sína. Var þó annað upp á teningnum þegar hann fjallaði um laun kvenna. Guðmundur hafði áhyggjur af því að konur sem hefðu ekki sérstaka hæfileika eða löngun til þess að vera kennarar myndu sækja í stéttina ef konum væru borguð sömu laun og karlmönnum. Um laun kvenkennara segir hann:

Að vísu er það í sjálfu sér óréttlátt, að kvenmönnum séu launuð kenslustörfin ver en karlmönnum; en þetta tíðkast almennt hjá öðrum þjóðum, og má búast við að það verði svo að vera, meðan konur fá ekki jafnhá laun og karlmenn fyrir önnur störf. Væri kvenmönnum launuð kennarastörf jafn-hátt og karlmönnum, en ekki önnur störf, má búast við að fleiri kvenmenn gæfu sig við þeim en þeir sem sérstaklega hefðu hæfileika og löngun til þess, vegna þess að það borgaði sig betur en önnur störf, en slíkt yrði ekki til hagsmuna fyrir kensluna (Guðmundur Finnbogason, 1903:155-157).

Sú goðsaga var hér á landi á fyrri hluta 20. aldar að kennari ætti að vera fræðari sem vissi allt og héldi uppi ströngum aga. Einnig var sú skoðun útbreidd meðal kennara og almennings að ekki væri hægt að læra til þess að vera góður kennari (Ingólfur Á. Jóhannesson, 1987:6). Hannes J. Magnússon segir að sú kennsla sem kennaraskólinn veitti þeim nemum sem voru að læra til kennara hafi ekki verið nógu mikil. Hann telur að mikið hafi vantað á uppeldis- og sálarfræði og kennarar þurfi að vera hámenntaðir og víðsýnir (Kennaraskóli Íslands, 1958:218-219).

Hlutverk kennara er að standa bak við hið „fullvalda skólaríki“, þótt þeir séu ekki mikið sýnilegir sem slíkir. Það hve mikil völd má færa nemendum fer eftir því hve hæfileikar kennarans sem stjórnenda eru miklir. Sá kennari sem elur á ábyrgðartilfinningu frekar en ótta, getur öruggur veitt nemendum sínum stjórn (Ásgeir Ásgeirsson, 1927:340-341). Freysteinn Gunnarsson skólameistari skrifaði að það sannaðist spakmælið að „það væri vandséður rekabútur“ og væri það hlutverk kennara að taka þann efnivið sem rækist á þeirra strönd og að gera það besta úr jafnvel efnivið sem virtist vera óskapnaður (Kennaraskóli Íslands, 1958:118-119).

Nú á seinni árum hefur umfjöllun um kennarastarfið og fagvitund kennara verið í forgrunni. Hlutverk kennara hefur farið frá því að vera „ljósberi fræðslu“ í það að vera „starfsmaður skóla“ (Atli Harðarson, 1992). Mönnum ber ekki allskostar saman um það hlutverk sem kennari hefur og spurt hefur verið hvort kennarar hafi afsalað sér rétti til þess að telja sig siðræna sérfræðinga með nýtingu á verkfallsréttinum því um leið og þeir afsali sér ábyrgð á skjólstæðingum sínum í baráttu fyrir launahækkun þá hafni þeir því að þeir eigi sér skjólstæðinga (Þorbjörn Broddason, 1997:20-21).

4.2 Kennarar í póstmóðernískum heimi

„Í hinum fullkomna heimi fá aðeins þeir hæfustu að kenna. Hinir verða að sætta sig við að vinna önnur störf“ (Björg Árnadóttir, 2004:30).

Í 28. grein laga um réttindi og skyldur kennara segir:

Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samvirkusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein sem hann vinnur við (Lög um grunnskóla. 1995).

Kennurum er falið mikið ábyrgðarhlutverk og efast enginn um að hæfni þeirra til starfsins er mjög misjöfn ekki ólíkt því sem er í öðrum starfsgreinum (Þorsteinn Gunnarsson, 2005). Kennarastéttin hefur ekki notið nægrar virðingar hér á landi (Helga Sigurjónsdóttir, 1999). Broddi Jóhannesson telur hins vegar að almenningsálit hafi aldrei haft áhrif á störf kennara, það hafi alltaf einkennst af tómlæti (Broddi Jóhannesson, 1978:23). Þess má geta að þetta er skrifað 1978 en því hefur verið haldið fram hér fyrir að aldargömul sátt milli heimili og skóla

hafi verið rofin með lögum um grunnskóla 1976. Því hefur einnig verið haldið fram að valdleysi og vanmáttur kennara hafi aukist og ástandið sé það slæmt að hluti grunnskólakennara óttist um líkamlegt öryggi sitt (Helga Sigurjónsdóttir, 1999:11). Það virðist sem kennarar hafi misst einhver tæk og sá rammi og agi sem kennarar hafa haldið uppi eru alveg brostnir (Sólveig Karvelsdóttir, 2003:302).

Rannsókn sem gerð var á kvenkyns grunnskólakennurum styður að kennarar eru beittir ofbeldi. Rannsóknin leiddi í ljós að 16% kvenkennarar höfðu orðið fyrir einelti, líkamlegu ofbeldi eða hótunum á síðustu sex mánuðum fyrir rannsóknina og að nemendur voru helstu gerendur. Samskonar rannsókn var gerð á konum sem starfa sem flugfreyjur og á hjúkrunarkonum og kom í ljós að 12% flugfreyja og 19% hjúkrunarfræðinga höfðu orðið fyrir einelti, líkamlegu ofbeldi eða hótunum (Herdís Sveinsdóttir, Hólmfríður K. Gunnarsdóttir og Hildur Friðriksdóttir, 2003:100).

Ragnhildur Bjarnadóttir vill meina að foreldrar hafi í vaxandi mæli skoðanir á skólamállum og vilji koma þeim á framfæri. Sú staða ógnar starfi kennara enda snýst þetta viðkvæma mál um lífsstarf þeirra og þá skilgreiningu á því hvað felst í því hlutverki að vera kennari (Ragnhildur Bjarnadóttir, 1994:175-178). Tilgangur skóla er nám og kennsla, rétt eins og sjúkrahús hefur þann tilgang að lækna fólk. Það virðist sem hlutverk kennara sé dottið út og nú er talað um „starfsfólk skóla“, þar sem kennarar hafa misst sérstöðu sína. Litið er á þá eins og annað starfsfólk sem eigi að sinna vissum verkefnum sem stjórnendur setja þeim fyrir. Það má ekki gerast að kennarar missi faglega ábyrgð og lendi neðst í einhverjum valdapýramída og hlýði skipunum yfirmanns milli átta og fimm (Atli Harðarson, 1992).

Sigurjón Mýrdal segir hugtakið fagmennsku ekki nýtt í sögu kennarastarfsins, heldur sé það mótað af stjórnskipan þjóðfélags. Með tæknihyggjunni og með alþjóðlegu samstarfi svo sem við OECD, EFTA og EES hefur hlutverk kennara flækst. Samstarf við þessar stofnanir hefur mótað og breytt skólastefnu landsins. Það virðist því sem hlutverk kennara liggja í þeirri breytingu sem verður á félagsögulegri stöðu. Sú staða er félagslega skilyrt og er breytingum háð í umræðu um menningu og efnahag (Sigurjón Mýrdal, 1992,1-10).

Kennarastarfið hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum og sífellt er að bætast við það. Í þessum breytingum mega kennarar ekki gleyma að setja kröfur á sig sjálfa. Orka kennara hefur farið í að kalla á umbætur á flestum sviðum sem snúa að hinu ytra umhverfi og í stefnumörkun Kennarasambandsins árið 2005 kemur í ljós að kallað er á eftir kröfum, en þeir gleyma að gera kröfur til sjálfra sín (Þorsteinn Gunnarsson. 2005)

4.3 Til lausna

Margt hefur verið ritað og rætt sem gæti verið til lausnar fyrir skólakerfið, nemendur, kennara og samfélagið í heild. Rannsóknir hafa verið gerðar sem miða að skoðun á bekkjarskipan og hvort vandræði fylgi stéttaskiptingu í þjóðfélaginu. Það hefur alla skólasöguna verið svo að einhver börn passa ekki inn í það skipulag sem skólinn býður upp á óháð því hvaða breytingar hafa verið gerðar.

Eins og áður hefur komið fram voru ákvæði í fræðslulögunum 1946 um að víkja mætti vandræðabörnum úr almennum skóla en aðrar lausnir yrði að finna handa þeim. Skynsamleg uppeldislausn væri það besta og þá um leið myndi þjóðfélagið vera laust við þau vandamál sem annars stafaði af þessum börnum (Gunnar M. Magnúss, 1946:61-62). Með grunnskólalögunum 1974 voru gerðar ýmsar breytingar, ef nemendur sýndu ekki tilhlýðilega hegðun og fóru ekki að þeim fyrirmælum sem kennari eða annað starfsfólk skóla mælti fyrir um. Þá mátti víkja einstaklingi úr kennslustund, en ef það skilaði ekki árangri þá bar kennara að leita að orsökum hegðunarinnar. Ef nemandi lét sér ekki segjast þá bar að hafa samband við forráðamenn og gat skólastjóri vísað nemanda tímabundið úr skóla meðan annarra úrræða var leitað, en með vitneskju forráðamanna og fræðsluráðs (Lög um grunnskóla, 1974).

Með grunnskólalögunum varð einnig breyting á kennslu til þeirra barna sem þurftu sérstuðning við og hafði verið gefin ýmis nöfn í áranna rás. Nú tók við blöndun í bekkji óháð námsgetu og sérkennsluáferðum beitt með. Þetta losaði börnin við tossamerkið en breytti því ekki að börnin sem nú voru kölluð sérkennslubörn voru engu að síður „stimpluð“⁵ (Helga Sigurjónsdóttir, 1999:68-70).

Nú á síðustu árum hefur umræðan snúist um að einstaklingsmiðað nám sé það sem gæti komið til móts við þarfir allra nemenda. Það miðast að því að börn þurfa ekki endilega að vera að fást við sama viðfangsefnið á sama tíma (Gerður Óskarsdóttir, 2005). Skólakerfið er að sífellt að taka breytingum með það að leiðarljósi að börn framtíðarinnar séu tilbúnari til þátttöku í þjóðfélaginu. Þau vandamál sem þó virðast sífellt koma upp eru vandi kennara varðandi einstaklinga sem einhverra hluta vegna eru órólegir og trufla kennsluna. Í aðalnámskrá grunnskóla segir að starfshættir skulu vera þeir að:

⁵ Stimplun: Samkvæmt kenningu Goffmanns er þá einstaklingur brennimerktur sem er öðruvísi á neikvæðan hátt.

Í samvinnu við heimilin ber að leggja áherslu á það í grunnskólum að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun nemenda. Með því er átt við hvers kyns framkomu, verknað og orðræðu sem snertir samskipti við aðra nemendur, kennara, annað starfsfólk skóla og aðra sem nemendur umgangast. Á sama hátt ber kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að vera nemendum fyrirmynd um þessi atriði (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 1999:20).

Helga Sigurjónsdóttir er ein þeirra sem hefur skrifað að í óefni stefni með starf kennara. Hún telur að þróunin sé sú að ráðvillt börn eigi að fara með völdin og setji kennurum skilyrði. Það virðist komið þannig fyrir kennurum að þeir eiga að sjá um skyldurnar en börnin hafa aðeins réttindi sem og foreldrar þeirra sem oft þekkja ekki muninn á réttu og röngu (Helga Sigurjónsdóttir, 1999:13). Einstaklingshyggja hefur verið talin stuðla að því að fólk hugsi aðeins um eigin hag og gleymi að í lýðræðisþjóðfélagi hafi menn hvorutveggja skyldur og réttindi. Nánar verður fjallað um einstaklingshyggju og fleiri stefnumið sem af henni hljóttast í næsta kafla.

5. Kenninga–landslag

„Frá vöggunni til grafar er maðurinn undirorpinn sífelldum áhrifum frá umheimi, er hvetja og knýja til margvíslegra athafna, andlegra og líkamlegra, og hvað úr mannum verður er komið undir því hvaða gáfum hann upphaflega er gæddur frá náttúrunnar hendi, og fyrir hvaða áhrifum hann verður utan að. Í samvinnu þessara tveggja aðila er alt uppeldi fólgið“ (Guðmundur Finnbogason, 1903:42).

5.1 Nútímasamfélagið

Frá landnámi og fram á síðari hluta 19. aldar var ekkert þéttbýli á Íslandi. Myndun bæja og ör vöxtur þeirra breyttu samfélagsgerðinni. Samsemd fólks var byggð á sameiginlegri vitund og hafði mótast sterkt í baráttu Íslands fyrir sjálfstæði. Fyrir hafi enginn séð sér hag í að rækta hana, því má segja að sú barátta hafi verið nokkurskonar lím samfélagsins sem hefur síðan slegið hjarta þjóðerniskenndarinnar (Kolbeinn Proppé, 2002).

Iðnbyltingin varð til á grunni samfélaga sem voru samhent og samheldni var mikil í nútímasamfélagi er gert tilkall til frelsis og einstaklingsvæðingar. Breytingar hér á landi voru í sömu átt. Hefðbundin sveitaheimili heyrðu sögunni til og við tók þéttbýlismyndun og borgarvæðing. Til þessa hafði félagsgerðin verið ósýnileg og óaðskiljanlegur hluti sjálfsþurftarbúskaparins. Þegar miklar breytingar eiga sér stað eins og hér var raunin koma upp ný félagsleg vandamál. Félagslegt taumhald gamla samfélagsins var liðin tíð og stofnanir tóku við forsjánni (t.d. Wolfgang Edelstein, 1988, Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason, 2004:87-88).

Breytingar urðu á samfélagsmyndinni þegar þekking var ekki lengur yfirfærð kynslóða á milli og við tók nýtt samfélag sem byggdist á vélvæddum sjávarútvegi og aðgreiningu milli vinnu og heimilis. Nú fór fólk að vinna frá heimilunum og í mörgum tilfellum voru börn í reiðileysi eftir skóladaginn (sjá t.d. Wolfgang Edelstein, 1988, Hallgrímur Jónasson, 1932, Hannes J. Magnússon, 1937). Það má segja að samkvæmt kenningu Durkheims hafi siðrof (anomie)⁶ orðið í samfélaginu. Siðrof myndast helst á þeim tímum þegar samfélög ganga í gegnum miklar breytingar og fólk áttar sig ekki á til hvers er ætlast af því (Collins og Makowsky, 2005).

⁶ Siðrof (anomie) Þegar einstaklingur eða samfélag missir sjónar af markmiðum. Þetta á sér helst stað þegar miklar breytingar verða í samfélaginu

Hugtakið siðrof hefur á undanförunum árum fengið aukið vægi í rannsóknum á fjölskyldum og uppeldisskilyrðum (Sigrún Júlíusdóttir, 2005). Þar benda fræðimenn á að óheft markaðsvæðing veiki samstöðu í samfélögum og valdi siðrofi. Félagslegt taumhald veikist, grunnstofnanir eins og fjölskyldan, skólarnir og stjórnkerfið missa styrk sinn og tíðni brota eykst í samfélaginu (Jón Gunnar Bernburg, 2004:271).

Margar kenningar hafa verið settar fram um samfélagið, flestir eru sammála um að umhverfi sé þáttur sem hefur hvað mest áhrif á einstaklinga. Í nýjum veruleika finnur einstaklingurinn sig ekki, gömul eðlislæg gildi eru horfinn og félagsheimurinn annar. Hafa margir talið það vera vegna vöntunar á þeim grundvallar boðskap sem samfélagið hefur boðað fram til þessa það. Einstaklingurinn hefur aðeins eitt ráð það er að keyra á sínum eigin forsendum sem snúast einungis um hans eigin hag til að komast áfram (Thorolfur Thorlindsson og Thoroddur Bjarnason, 1998:94-97).

Skólinn sem stofnun var í mikilli framrás þegar sérfræðingur að nafni Frederick W. Taylor kom með hugmynd um fjöldaframleiðslu með færibandavinnu sem hvaða einstaklingur sem er gæti unnið við, óháð greind. Vegna þeirra velgegni sem þessi nýja tækni naut, var þetta form notað í uppbyggingu skólakerfisins. Franklin Bobbitt leiðbeinandi í Háskóla í Chicago, var meðal þeirra sem innleiddi þessa hugmynd í skólana. Lykilhugmyndin var að tilgreina sérstaklega hvað skyldi kennt á hverju skólastigi. Kennari yrði svo útbúinn með leiðbeiningar og námsefni og hlutverk hans væri svo að stjórna og hafa eftirlit með afköstum (Mehlinger, 1995:32-33).

Markmiðið í heiminum er aðeins eitt, það er eiginhagsmunir og gróði (Collins og Makowsky, 2005), en í gamla samfélaginu voru mörg markmið. Ef hagsmunir stofnana samfélagsins skarast þá verður sú stofnun að víkja fyrir hagsmunum markaðarins og þar með er grunngerð samfélagsins það er fjölskyldunni, ógnað (Merton, 2005:37-43). Boðað er frelsi einstaklingsins til þess að velja í heimi sem er síbreytilegur og gildi og viðmið lítið þekkt (Ulrich Beck, 1999:9). Samfélagið í dag býður börnum upp á tækifæri til menntunar og fjölbreyttari atvinnuhátta en um leið getur valið verið kvöð á einstaklingnum. Valið í síbreytilegum heimi og vangaveltur um hvað hann vilji standa fyrir getur snúið frelsi í andhverfu sína helsi.

5.2 Nútímabarnið

„Nú er mér næsta ógeðfellt að sortera menn eins og væru þeir spil á hendi, hvort heldur er eftir prófessjónum eða öðrum sjónum“ (Broddi Jóhannesson 1978:12).

John Holt, kennari og fyrirlesari, taldi skólann leiðinlegan, ruglingslegan og veruleikafirrtan. Hann taldi að grunngerð skólans þyrfti breytingar við til þess að hann gæti orðið til uppbyggingar. Hann segir í bók sinni *How children fail* að mörg börn væru dæmd til þess að mistakast. Skólinn gerir margskonar kröfur til nemenda, ein er sú að þeir nefni rétt svar við þeim spurningum sem upp eru bornar. Því lærir einstaklingur að það borgi sig að læra hið eina rétta svar. Ríkjandi þáttur í skólasterfi er að leggja ekki meira á sig en til þarf. Þar sem hið rétta svar er tekið gilt vaknar ótti barna við að svara upphátt vegna mögulegra mistaka (Holt, 1982:1-80).

Holt sagðist hafa spurt nemendur sína hvað færi í gegnum hugann þegar kennari spyrdi þá spurninga? „Einn svaraði fyrir þau öll og sagði manni: „Svelgist á“ Hann svaraði fyrir þau öll og svo upphófst mikil háreysti og sögðu öll sama hlutinn, það að vita ekki svarið dauðskelfir þau. Vegna ótta við að mistakast, af ótta við að við að verða sett til hliðar og af ótta við að vera kölluð vitlaus“ (Holt, 1982:71). Þessi orð styrkja stimplunarkenningu Goffmans um mikilvægi þess í skólasterfi að kennarar sem og aðrir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um hve einstaklingar eru viðkvæmir þegar sjálfsmýndin er að mótast. (Schaffer, 2004:92).


Stærsta vandamál nútímalífs er sprottið af þörf einstaklingsins til að varðveita sérstöðu sína. Í viðbót við meira frelsi þurftu menn á nítjándu öld að fara að sérhæfa sig. Þessi sérhæfing verður til þess að skerpa einstaklingseðli manna og gera hvern mann ómissandi en um leið eru einstaklingar háðari sameiginlegum athöfnum annarra (Simmel, 2004). Án afláts er borinn út boðskapur einstaklingshyggjunnar þar sem hverjum og einum er gert að verða höfundur að sínu eigin lífi en með í farteskinu er mótun einstaklings frá gömlum tíma (Ulrich Beck, 1999:8-9).

Sú breyting sem hefur orðið frá fyrri tímum er að einstaklingum er skylt að sækja skóla. Í skólakerfi þar sem sveigjanleiki er lítill og þekkingar krafist á takmörkuðu sviði er hætta á að nemendur sem ekki ná að feta þann þrönga stíg sem skólinn leggur séu stimplaðir. Það sama á við um þá sem eiga erfitt með að fylgja reglum sem skólinn setur. Samkvæmt félagsfræðikenningu Goffmans er hætta á að það barn sem er ávítt verði stimplað sem öðruvísi slæman hátt og ekki einn af hópnum og það getur gert það að verkum að sá

einstaklingur fari að líta á sig eins og hann telur skólasystkini sín sjá sig. Það getur síðan kallað fram síendurtekna neikvæða hegðun sem jafnvel hefði annars ekki orðið (Goode, 2005:90).

Það eru fjölmargar kenningar sem viðkoma einstaklingi í samfélagi en flestum ber saman um að einstaklingur verði fyrir áhrifum frá umhverfinu og að þær bjargir sem börn búa við séu æði misjafnar (Merton, 2005 og Freydís Freysteinsdóttir, 2004:315). Menning í nútímasamfélögum leggur áherslu á jöfn tækifæri til frama á meðan minna er litið á hvaða leiðir einstaklingar hafa kost á að fara. Djúpstæð lagskipting í samfélaginu veldur því að fáir geta náð settu marki og það veldur togstreitu. Það leiðir til þess að sífellt fleiri grípa til þess ráðs að ná markmiðum eftir ólöglegum leiðum (Merton, 2005:37-45, og Jón Gunnar Bernburg, 2004:270-271).

Aukin áhersla hefur verið lögð á réttindi barna og í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á vernd og umhyggju þeirra (Barnasáttmáli, 1992). Félagsfræðingar hafa skoðað áhættuþætti í fjölskyldum þar sem misbrestur í uppeldi hefur átt sér stað. Meðal annars hefur Belsky (1980) dregið upp líkan af þeim þáttum sem eru áhættuþættir og þeim sem eru verndandi þættir í lífi fólks. Í fyrsta lagi eru þættir sem snúa að einstaklingnum, í öðru lagi að samfélaginu og þriðja lagi að menningunni. Samkvæmt líkaninu verður misbrestur í uppeldi þegar áhættuþættir eru fleiri en verndandi þættir (Freydís Freysteinsdóttir, 2004).



Mynd 1. Vistfræðilíkan Belsky's (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2004:316).

Það má líta á kenningu Belskys sem yfirkenningu sem tekur yfir samfélags, (macro) og einstaklings, og samskipta (micro) kenningar. Samkvæmt líkaninu eru þættir í umhverfi sem auka eða draga úr áhættu á misbresti í uppeldi barna. Í líkaninu eru samfélagsþættir sem innihalda meðal annars skólakerfið (Freydís Freysteinsdóttir, 2004:315-316). Líkan þetta styður mikilvægi þess að skólinn sé verndandi þáttur í lífshlaupi einstaklinga sem búa annars við lélegar félagslegar bjargir.

5.3 Nútímakennarinn–skólinn

Skólar hafa mikil áhrif á þroska barna og þekkingu og þar með á framtíð þeirra. Skólar eru misjafnir að gæðum og hafa ýmsar matsaðferðir litið dagsins ljós á undanförunum árum til þess að bæta það sem hægt er með það að markmiði að gera skólanna betri (AGN, 2005 og Ingólfur Á. Jóhannesson, 2004:149).

Fyrir utan foreldra eyða börn mestum tíma með kennaranum og í sumum tilvillum er þáttur kennara jafnvel stærrí en þáttur foreldra. Kennarar eru því í góðri aðstöðu til þess að sjá hvort eitthvað ami að barni. Kennarar hafa í vaxandi mæli tjáð áhyggjur vegna nemenda sem kunna ekki almenna kurteisi. Því hafa skólaáhugamenn, sem og áhugamenn um uppeldi barna velt því fyrir sér hvar skóinn kreppti. Samkvæmt C. Wright Mill (1959) hafa í gegnum tíðina alltaf verið einstaklingar sem hafa átt í erfiðleikum. Hann greindi vandamál á tvenns konar hátt annars vegar einstaklingsbundin vandræði (personal troubles) og hins vegar félagsleg vandræði (social issues) (Sigrún Ólafsdóttir, 2004:290). Það virðist sem agavandamál í skólum megi greina sem félagslegt vandamál vegna umfangs þess.

Ein af grundvallarréttindum nemenda eru þau að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja mikla áherslu á að skapa góðan vinnuanda í hverjum skóla og í einstökum bekkjardeildum (*Aðalnámsskrá grunnskóla*, 1999:47).

Vandamál sem snúa að agaleysi virðast sífellt taka meiri toll af starfsfólki skóla þó svo að foreldrar eigi að vera ábyrgir fyrir uppeldi barna sinna (*Aðalnámsskrá grunnskóla*, 1999:44). Starfsmenn skóla hafa misjafna skoðun á reglum, aga, uppeldisaðferðum og hlutverki skólans. Vegna hraðra breytinga innan skólans er lúta að auknum hegðunarvandkvæðum, kröfum foreldra og sífellt meira umfangi í skrifræði í starfi kennara er hætta á þeir hafi misst

sjónar á markmiðum sínum og samkvæmt Durkheim ríkir þá siðrofsástand þar innan dyra eins og í samfélaginu.

Stofnunin skólinn hefur aðeins eitt meginmarkmið en það er að lúta lögmálum markaðsins, sem er gróði. Þar sem skólinn er rekinn á útgjöldum ríkis og bæjarfélaga, þá er sparnaður á útgjaldaliði einn af þeim þáttum sem alltaf er litið til. Samkvæmt þessari kenningu (Merton, 2005) er það hagnaður skólans að hafa sem flest börn undir umsjón sem fæstra kennara. Sú breyting hefur orðið að fleiri börn virðast þurfa á lyfi að halda til þess að halda kennslustundir eða skóladaginn út og velta menn fyrir sér hvar orsakanna megi leita og hvort skólakerfið þurfi ekki endurskoðunar við.

Læknavísindin fá sífellt fleiri börn inn á borð til sín sem eiga við hegðunarvandamál og einbeitingarskort að stríða. Ivan Illich kom árið 1975 með harða ádeilu á vestræn heilbrigðiskerfi í bókinni *Medical Nemesis: The Expropriation of Health*. Þar gagnrýnir hann þann tæknilega hugsunargang sem um of er treyst á. Megininntakið í hugmyndum hans er efasemdir um þær vísindaframfarir og féllu þær ekki í góðan jarðveg nema þá helst hjá félagsvísindamönnum. Illich segir að sjúkdómsvæðingin sé liður í að skilgreina hvers kyns þjáningu, vanlíðan og skort sem læknisfræðileg vandamál. Það dragi úr þeim þrótti manna sem þurfi til að berjast gegn félagslegu ranglæti. Þannig gætu læknavísindin sannfært þá, sem standa höllum fæti og líða fyrir félagslegt misrétti, um að lausnin liggi í tæknilegum úrlausnum og má nefna geðlyf sem dæmi þar um (Stefán Hjörleifsson, 2004:7-11). Greiningar eins og ofvirkni og athyglisbrestur eru nýtt viðfangsefni sem færst hafa yfir í sjúkdóm frá því að hafa verið óþægð. Það krefst nýrra úrlausna í skólastofu og meira vinnuálags á kennara. Einnig það setur aukið vægi á uppeldishlutverk og agastjórnun kennarastarfsins.

Ekki eru allir á eitt sáttir um að uppeldishlutverkið sé á ábyrgð kennara (Helga Sigurjónsdóttir, 1999). Þegar kemur að samskiptum kennara og nemenda þá er það hugtak sem er nokkuð óljóst en í Aðalnámskrá grunnskóla segir:

Í samvinnu við heimilin ber að leggja áherslu á í grunnskólum að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun nemenda. Með því er átt við hvers kyns framkomu, verknað og orðræðu sem snertir samskipti við aðra nemendur, kennara, annað starfsfólk skóla og aðra sem nemendur umgangast. Á sama hátt ber kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að vera nemendum fyrirmynd um þessi atriði (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 1999:20).

Breytingar samfélagsins sem og þróun tækninnar og áherslupunktur í námskrám gera það að verkum að kennarar þurfa nú frekar en nokkru sinni að huga að þróun siðferðis í kennsluháttum. Kennarar eru best til þess fallnir að endurmeta og ígrunda eigið starf (Hafdís Guðjónsdóttir, 2004:27) Til þess þarf að ljá kennurum rödd sem aldrei má þagna og ekki vanmeta það sem þeir leggja til í þróun skólans. Það virðist vilja bera við að þeir séu ekki kallaðir til þegar umræða um skólastarf er annars vegar, heldur annarskonar sérfræðimenntað fólk.

6. Rannsóknin

„The „forces“ that move human beings, as human beings rather than simply as human bodies...are meaningful stuff. They are internal ideas, feelings, and motives“ (Douglas í Bogdan og Taylor, 1984:2).

6.1 Rannsóknaraðferð

Félagsfræðin byggist á því að skoða samfélagið og greina það, en ekki með það að markmiði að vera valdur að breytingum. Aðferðafræði vísar til þess hvaða aðferð er notuð til þess að leita svara. Tvær aðferðir hafa verið mest ríkjandi á sviði félagsfræðinnar. Fyrst má nefna pósitívisma sem leitar að staðreyndum eða orsökum hluta í félagslegri skynjun einstaklinga. Hins vegar er það fyrirbærafræði sem á sér langa sögu í sálfræði og félagsfræði. Fyrirbærafræðin leggur áherslu á túlkun og útskýringu á huglægan hátt án þess að styðjast við kenningar. Meðan pósitívisminn leitar að orsökum í gegnum aðferðir þá leitar fyrirbærafræðin meira að skilningi (Bogdan og Taylor, 1984:2-8).

Til skoðunar á viðfangsefni eru í stórum dráttum notaðar tvenns konar aðferðir annars vegar meginleg (quantitative) og hins vegar eigindleg (qualitative) rannsóknaraðferð. Eigindleg aðferð leggur frekar áherslu á að auka skilning á aðstæðum og upplifun fólks á þjóðfélaginu eða einstökum fyrirbrigðum innan þess (Lewis og Ritchie, 2003:3). Eigindlegar aðferðir hafa verið notaðar frá upphafi sagnaritunar, þó svo að hafi ekki verið gefið nafnið „rannsókn“ fyrr en á síðustu öld.

Rannsókn þessi er byggð á eigindlegri aðferð og ekki er leitast við að yfirfæra niðurstöður rannsóknar á alla kennara heldur að dýpka skilning á kennarahlutverkinu og upplifun kennarans í starfi. Notast var við form viðtalsrannsóknar. Viðtölum er oft lýst sem ákveðinni gerð af samræðum. Ákveðið var að taka aðeins þrjú viðtöl til þess að draga ekki úr dýpt viðtalanna. Þó gerir rannsakandi sér grein fyrir því að fleiri viðtöl auka réttmæti og áreiðanleika niðurstaðna (Lewis, 2003:83-84 og Rúnar Helgi Andrason, 2003:283).

Viðtöl eiga vel við þegar rannsökuð er skynjun, viðhorf, þekking og gildismat. Viðtöl eru oft notuð samhliða öðrum rannsóknaraðferðum. Notast var við óstaðlaðan viðtalsramma (unstructured) og leitað eftir að laða fram reynsluheim einstaklings í kennarastarfinu (Lewis, 2003).

6.2 Réttmæti og áreiðanleiki

Með eigindlegri rannsóknaraðferð er erfitt að alhæfa út frá niðurstöðu. Undirstaða rannsókna eru þess eðlis að aðstæður eru einstakar og ekki hægt að endurtaka þær. Réttmæti og áreiðanleiki eru umdeild hugtök í þessu samhengi. Hin hefðbundna skilgreining gengur út frá að innra réttmæti vísi til þess hvort sú mynd sem rannsóknin dregur upp af veruleikanum standist samanburð við veruleikann. Ytra réttmæti segir til um hvort megi alhæfa um niðurstöðuna. Bent hefur verið á sjónarhorn sem lýtur að réttmæti óstaðlaðra viðtala en það er sjónarmið afstæðishyggjunnar. Það gengur út á að endanlegt viðmið réttmætis sé ekki til, þar sem eitt sjónarmið er ekki réttara en annað. Áreiðanleiki snýst um líkurnar á því að niðurstöðurnar yrðu þær sömu ef rannsókn yrði endurtekin og er því áreiðanleiki rannsóknarinnar ekki mikill (Helga Jónsdóttir, 2003:78-79). Rannsakandi lagði á það áherslu að reyna stuðla að trúverðugleika og vera nákvæmur í vinnu við rannsóknargögn, þó svo að reynsluleysi sé helsti annmarki rannsóknarinnar.

6.3 Rannsóknarspurningar

Í fræðum og rannsóknum á samfélaginu og einstaklingnum er leitast við að skoða samfélagslegar (macro) kenningar og einstaklingskenningar (micro) og skólann sem tengilið þar á milli. Það er ljóst, eins og fram hefur komið að stöðugt er verið að þróa leiðir til þess að gera skólakerfið betra. Skólakerfið er, eins og margoft hefur komið fram ein meginstoð samfélagsins. Því er mikilvægt að í rannsóknum og þróun í tengslum við skólann séu kennarar spurðir álits og athygli vakin á skyldu þeirra að láta sig málið varða. Í flestum rannsóknum og viðtölum sem lúta að líðan barna í samfélaginu er talað við sálfræðinga, félagsráðgjafa og námsráðgjafa. Í ljósi þessa er ekki úr vegi að skoða hvernig kennarar líta á starf sitt, hvort hlutverk þeirra og skóla sé að breytast sem og líðan barna innan skólakerfisins. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins hækkuðu umönnunarbætur til foreldra vegna hegðunar- og geðraskana barna um 119% á fimm árum eða frá árinu 1999 (Morgunblaðið 07.12.04). Vegna þessara staðreynda er full ástæða til að skyggjast á bak við störf þeirra sem sjá hvað best hvernig unga fólkinu reiðir af.

Hér var um að ræða þrjá kennara sem kenna við grunnskóla á Akureyrarsvæðinu. Rannsakanda var hugleikið hvernig þeir litu á starf sitt og hvort þeir væru sáttir við það hlutverk sem þeim er ætlað að sinna. Lögð var áhersla á að fá lýsingu á því hvernig nemendur

væru „óþolandi“ inni í kennslustofu. Yfirmarkmið rannsóknarinnar er að kanna hvort mögulegt „siðrofsástand“ gæti verið ástæða fyrir þeim erfiðleikum sem skólar virðast standa frammi fyrir. Er þar vísað til þess að kennarar og nemendur átta sig ekki á því hvert hlutverk þeirra er í skólasamfélaginu og að þeir hafi ekki nógu mikil tengsl við skólann.

Allar stofnanir innan samfélagsins hafa ákveðinn tilgang, en fyrir hvern er spurningin. Þjónar skólinn tilgangi sínum fyrir foreldra og samfélag? En fyrir börnin? Hefur hann kannski ekki eins miklu hlutverki að gegna fyrir þau? Þegar sífellt fleiri börn þurfa á lyfjum að halda til þess að halda skóladaginn út þarf þá ekki samfélagið að líta á litlu einingarnar sem mynda samfélagið?

6.4 Þátttakendur

Ákveðið var að taka viðtöl við kennara sem höfðu að minnsta kosti tíu ára kennslureynslu að baki og kenna aðallega á miðstigi. Var það gert til þess að samræma reynslu þeirra. Tengsl rannsakanda við þátttakendur eru engin og notað var snjóboltaúrtak. Það að haft var samband við kennara sem rannsakandi þekkti til æfingar og til þess að prófa viðtalsrammann. Sá kennari vísaði á annan kennara og svo koll af kolli. Þátttakendur voru upplýstir um að trúnaðarsamband ríkti og yrði nafn, aldur og skóli ekki tekið fram til þess að tryggja að ekki væri hægt að rekja svörin til einstaklinga.

6.5 Framkvæmd og gagnagreining

Viðtöl þau sem niðurstöðurnar eru unnar úr voru tekin upp og afrituð orðrétt. Rannsakandi las viðtölinn ítrekað yfir, ýmis atriði sem þóttu mikilvæg, ígrundaði betur og skrifaði loks niður punkta. Hvert viðtal tók um klukkustund en sex til átta klukkustundir að afrita þau. Viðtalsrammi fylgir í viðauka. Heimildir og viðtöl voru lesin og unnin með kenningar í félagsfræði í huga.

6.6 Niðurstöður og greining

Eins og áður hefur komið fram var tekið viðtal við þrjá kennara til þess að heyra þeirra sjónarhorn á hlutverki sínu og skólans. Einnig var reynt tilfinningu fyrir því ástandi sem ríkir í einni af grunnstofnun samfélagsins hvort geti farið saman að búa til góðan skóla og lúta lögmálum markaðarins um leið. Hefur skólinn virkni og þá fyrir hvern, samfélagið eða börnin? Er frelsi barna orðið að helsi? Eru óþæg börn að fara frá því að vera syndug yfir í það

Brú yfir boðaföllin

að vera glæpamenn yfir í það að vera veik. Síðast en ekki síst; getur verið að réttindi barna, foreldra og kennara séu í brennidepli en minna um þær skyldur sem þessar félagsgerðir hafa.

7. Nýir tímar-breytt samfélag

„sál“ verður „hugur“

„guð“ verður „samfélag“

„himnaríki“ verður „félagsþroski“

„ég“ verður „við“

(Ísak Harðarson.1999:73).

7.1 Nýir tímar–skólinn og samfélagið

Umbætur í menntamálum á síðari hluta tuttugustu aldar einkenndust af vísindahyggju og hagræðingu. Einnig varð sú breyting á að nýir fagmenn komu inn í skólakerfið og tóku jafnvel yfir hluta af starfssviði kennarans. Má sem dæmi nefna námskrárgerðarmenn. Breytingar á borð við þessar urðu þess valdandi að kennarastarfið varð að einskonar þjónustuhlutverki þar sem foreldra og börn eru neytendur. Breyting frá því að vera sjálfstætt starfandi kennari í það að kenna eftir leiðbeiningum sem skreyttar voru með tækni- og fræðilegu orðaskrúði (Sigurjón Mýrdal, 1992).

Starf kennara hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum og kröfur til kennara eru nú fjölbreyttari en áður (Hafdís Guðjónsdóttir,2004:27). Viðmælendur töldu einnig að svo væri. Viðmælandi númer eitt sagði: „Það hefur breyst, það er alltaf að koma meira inn það sem er ætlast til að við tökum á“. Viðmælandi númer tvö var sammála og sagði:

Já það er að breytast mjög mikið það hefur gert það og liggur í því að börn kunna ekki samskipti þau eru svo mikið ein þau þurfa svo mikla hlýju maður þarf að gefa svo miklu meira af sjálfum sér. Ég finn það mjög mikið maður er stundum bara alveg búin, þau taka svo mikið frá manni. Þau þurfa snertingu og spjalla segja manni eitthvað og eins og núna, það getur verið heilmikið mál að koma þeim út úr stofunni.⁷

Skólustarfið hefur tekið miklum breytingum og fjölbreytnin hefur orðið meiri vegna aukinna væntinga samfélagsins til skólanna (Hafdís Guðjónsdóttir, 2004:27). Viðmælendurnir töldu

⁷ Þess má geta að rannsakandi var viðstaddur þegar kennari var að reyna að koma börnunum út úr skólafunni. Skóladegi var lokið og tíu mínútum betur. Úti var yndislegt veður og það var ekki í minningu rannsakanda að kennari hafi þurft að biðja nemendur að yfirgefa skólafötu og skólann.

að meiri tími færi í að sinna uppeldis- aga- og samskiptamálum heldur en í fræðslu sem ætti að vera megintilgangur kennarastéttarinnar. Viðmælendur voru engu að síður sammála um það að það væru mörg börn mjög vel upp alin en líka mörg sem eiga við mikil hegðunarvandamál. Viðmælandi númer tvö sagði tilgang kennara vera „fyrst og fremst að við séum fræðararnir, það hlýtur að eiga að vera grundvallaratriðið hjá okkur en hitt fylgir allt með“ það virðist líka, vera að það þurfi að kenna nemendum samskiptareglur sem mörg þeirra kunna ekki. Viðmælandi númer eitt sagði: „Við erum í uppeldishlutverkum, en kennari ber ekki ábyrgð á uppeldi barnsins það er foreldrið“.

Nefnd um stefnumótun í málefnum barna og ungmenna (sem var skipuð af forsætisráðherra árið 2001) lagði fram að þeirri tilfærslu á ábyrgð sem orðið hefur til samfélagsstofnana fylgdi sú hættu að ábyrgðarmörk yrðu óljós og að mikilvægir þættir yrðu út undan í uppeldi þegar fleiri en einn teldi það á sinni eða ekki á sinni könnu (Forsætisráðuneytið, 2001:14).

Samkvæmt rannsókn sem OECD gerði meðal 15 ára skólabarna, þar sem skuldbindingar þeirra gagnvart skólum er könnuð, kom fram að 22,4 % íslenskra barna fannst skólinn ekki vera rétti staðurinn fyrir þau á meðan samsvarandi tölur í nágrannalöndunum voru marktækt lægri eða 17,5% í Svíþjóð, 20,9% í Danmörku og 21,1% í Noregi. Tilfinning nemenda fyrir því að þeir séu á réttum stað er nátengd frammistöðu þeirra í skóla. Þessi niðurstaða gefur vísbendingu þess efnis að skólar með hátt stig skuldbindinga séu einnig með hátt stig bóklegrar getu (OECD, 2004).

Mikilvægt er að kennarar og einstaklingar finni til samsemdar innan skólasamfélagsins þar sem allir keppa að sama markinu (Hreinn Þorkelsson, 2005). Að hverjum einstaklingi sé gert kleift að vinna á sínum hraða er forsenda þess að skóli nái að glæða með hverjum einstaklingi þá vissu að hann geti ráðið við hver þau störf sem koma upp í daglegu lífi hans. Grundvallarskilyrði þess er að hafa gleði og áhuga og þar með getur einstaklingur náð að hagnýta sér hæfileika sína og greind.

Skólinn nær ekki að uppfylla þessar kröfur með því að hafa námskrá fyrir hvern bekk. Því til stuðnings má nefna að barn sem hefur ekki grunn til þess að læra margföldunartöfluna í þriðja bekk á samt að læra hana. Með þessu er aðeins uppskorið niðurbrot einstaklings sem bregst við með flóttu og varnarviðbrögðum sem lýsa sér á ólíkan hátt eftir einstaklingum. Þessi viðbrögð geta falist í filagangi og ruddaskap en aðrir flýja raunveruleikan í dagdraumum og einbeitingarleysi. Þetta skapar óöruggi og vanlíðan og ljóst

er að hámarksþroska einstaklinga verður ekki náð með einstrengingslegum kröfum skólanna (Hans Jürgen Gjesing, 1968:64-82).

Viðmælandi númer tvö segir:

Sveigjanleikinn er enginn það er bara einfalt og engir peningar til þess að koma sér upp svona. Eins og í nýju eðlisfræðinni sem er komin, þá á að gera hitt og þetta en við höfum bara ekkert í höndunum til þess að gera neitt. Það er margt hægt að gera til þess, að gera, hvað á maður að segja þessa vist bærilegri, en þetta er bara erfitt.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson telur að börn séu flokkuð og reynt sé að draga sem mest úr fjölbreytileika einstaklinga með klínískri greiningu og fundin úrlausn eða meðferð til hjálpar þeim sem falla ekki innan „normsins“ (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2001:13). Viðmælandi númer tvö segir ennfremur þegar rannsakandi spyr hvort hún telji mikið að skólakerfinu:

Ég held að það sjái það nú flestir, kennarar sem vinna með krakka sjá þessar hliðar. En við erum bara í okkar kerfi og erum bundin í okkar kerfi og það er rosalega erfitt að fara að breyta eitthvað og fara gera eitthvað öðruvísi þá ertu komin að samræmdu prófunum, samræmdu prófunum (endurtekur). Eftirlitið er meira miðstýrt og það er eins og það sé hræðsla yfir því að kennarar geri ekki sitt besta ég upplifi þetta þannig sem kennari. Og svo sem sagt við eigum að nota fjölbreyttar kennsluáferðir, svo þegar manni dettur í hug að brjóta eitthvað upp og gera verkefni sem tekur meiri tíma. Hvað segir þá miðstýringin? Þá átt þú að vera búin að kenna þetta, þetta og þetta, þá ert þú að svíkjast um.

7.2 Markaðsvæðing og einstaklingshyggja

Vandamál sem snúa að nútímasamfélögum eru aukin einstaklingshyggja og upplausn á fyrri félagsgerð. Einkenni samfélaga sem hafa gengið langt í markaðsvæðingu er að þau stuðla að örari fjölgun starfa en um leið að ójöfnuði og fátækt. Með misskiptingu er aukin hætta á sundrunu og átökum innan þjóðfélags sem og hnignun félagsauðs (social capital) (Stefán Ólafsson, 1999:307-315).

Félagslegt taumhald veikist og stofnanir eins og fjölskyldan, skólarnir og stjórnkerfið missa vægi sitt. Viðmælandi eitt segir að: „við þurfum bara að fá meir aga í þjóðfélagi þá gengur þetta betur“. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson segir að stjórnunar- og vandamálavæðing einkenni skólakerfið:

Einstaklingshyggjan og klíníská líkanið ráða ekki við félagslega, efnahagslega og menningarlega fjölbreytni — en að einhverju marki við mun byggðan á einstaklingsbundnum hæfileikum. (Eða mun byggðan á vanköntum eins og líkanið í raun lítur á þar sem hæfileikar og hæfileikaleysi eru gerð að sjúkdómum sem þarf að lækna, laga og bæta.) (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2003).

Gamla hefðarsamfélagið er brotið upp og einstaklingsvæðing tekur völdin. En mótsögnin er mitt í einstaklingsvæðingunni, þá er verið að leita eftir vissum hæfileikum barna og má þar til dæmis nefna lesskimun en spurt hefur verið hvort yfirvöld ætli sér að lækna þá einstaklinga sem eiga við lestrarörðugleika að etja (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2000). Einstaklingar sitja uppi með ruglingslega sjálfsmynd og ótal valkosti og ná ekki markmiðum nema að þeir séu vissum eiginleikum gæddir. Sumir þessara valkosta eru ekki alltaf val heldur ræður félagsleg staða því oft hvernig til tekst. Um leið og einstaklingum framtíðarinnar er boðið að gerast höfundar að sínu eigin lífi (Ulrich Beck, 1999) er skólakerfið ekki nægjanlega sveigjanlegt til þess að mæta einstaklingsbundnum þörfum.

Ef marka má skrif fólks virðist það hafa áhyggjur af lýðræði og lífsgildum og af þeim gildum sem fylgja einstaklingshyggju og eru ríkjandi á kostnað gilda sem fela í sér samfélagshyggju og samábyrgð. Áhyggjurnar lúta að því að hver hugar að sinni velferð og réttindum og minna er gert úr skyldum við samborgara. Til marks um það má nefna að Ingólfur Á Jóhannesson bendir á að skólastefna ríkisstjórnarinnar feli í sér „einstaklings- og samkeppnishyggju sem leggur áherslu á sterka og sjálfstæða einstaklinga sem læra meira á skemmri tíma og þeim sé ætlað að vera sérstaklega búnir undir samkeppni (Ingólfur Á. Jóhannesson, 2001).

Ingólfur Ásgeir segir einnig að sá veruleiki sem við blasi í skólamálu sé að börn eru dregin í dilka með klínískri greiningu, sem síðan sé reynt eftir mætti að útrýma eiginleikum í fari þeirra einstaklinga sem hafa ekki þá hæfileika sem skólakerfið einblínir á. Ennfremur bendir hann á að kostnaður við lagaákvæði sem miðar að því að hver einstaklingur fái kennslu við sitt hæfi sé mikill (Ingólfur Á. Jóhannesson, 2001:13). John Holt er einn þeirra

sem gagnrýnt hefur skólakerfið og líkir hann því við „hús óttans“, þar sem einstaklingar hafa mestar áhyggjur af því að gera mistök (John Holt, 1982). Þessi þróun getur verið varhugaverð og það er mikilvægt að þeir sem koma að skólamálu taki tillit til þess að nemendur eru mjög uppteknir af félagslegri stöðu sinn og gera allt til þess að verða ekki fyrir álitshnekki. Ef þeir eru í þeirri stöðu að ná ekki fullkomnun þá geta þeir komist að því að næst besti kosturinn er að mistakast „algerlega minnug þess að það er engin hætt á að maður velti sér út úr rúminu ef maður sefur á gólfinu“ (John Holt, 1982 og *Ný menntamál*, 1973:68).


Samkvæmt kenningum Illich þá er félagslegt ranglæti oft sveipað hulu sjúkdómsvæðingar. Hætta er á að hún dragi úr þrótti manna gegn harðræði tilverunnar (Stefán Hjörleifsson, 2004:10-11). Jóhann Ág. Sigurðsson, prófessor í heimilislækningum við Háskóla Íslands, segir að:

greiningin ofvirkni sé ofnotuð og að verið sé að „sjúkdómsvæða“ hluta af vandamálinu (medicalization). Fræðilega séð verður sjúkdómsvæðing m.a. til með þeim hætti að skilyrði fyrir greiningu eru víkkuð út annaðhvort huglægt (hjá meðferðaraðila) eða samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Það þýðir að þeir sem eru minna veikir fá einnig sjúkdómsgreiningu og fá viðeigandi meðferð, sem leiðir aftur til þess að árangur meðferðar verður óvissari fyrir þann hóp. Sjúkdómsvæðing er einnig háð samfélagi og menningu.

Ólíklegt er að ein skýring á aukningunni sé sú eina rétta. Þarna er eflaust á ferðinni samspil margra þátta. Leggja ber áherslu á að enginn er að ásaka sjúklingana sjálfa um hvernig komið er, enda ástæðulaust. Hins vegar er full ástæða til að skoða hvort íslenskt samfélag og félagslegt umhverfi stuðli að vaxandi óróleika og hegðunvandamálum barna og unglunga sem geti þróast yfir í greininguna ofvirkni, líkt og talið er að gerst hafi í sumum fylkjum Bandaríkjanna (Jóhann Ág. Sigurðsson, 2002).

Viðmælandi númer tvö segir að hún telji einstaklinga á ritalini sem ekki þurfa á því að halda :

stundum bara ekki vel upp alinn ef maður á að segja alveg eins og er. Sum eru með ofvirknigreiningu á sér. Ég segi það stundum , maður þykir svo hörkulegur kennari en ég segi það samt ég trúi ekki öllum þessum ofvirknisgreiningum sem koma. Þá velti ég því fyrir mér hvað stór hluti af börnum fær greiningu allavega tímabundið er ekki ofvirkur í rauninni. Það er ljótt að segja þetta mér finnst þetta bara.



Mynd 2. Notkun ritalins á Íslandi árin 1992-2002 (Morgunblaðið.2004)

Á mynd 2. má sjá að notkun ritalins á Íslandi hefur aukist gífurlega miðað við nágrannalöndin, Danmörk og Noreg, þar sem notkun lyfsins er mikið minni sem og aukning á hægari þróun á milli ára. Ýmiskonar vandamál sem áður var litið á sem synd eða glæp njóta nú verndar læknastéttarinnar. Þannig hafa ýmiskonar vandamál, svo sem alkóhólismi, geðsveiflur, sjálfsmorð, órói og skortur á einbeitingu orðið að sjúkdómi. Þar með hefur útskúfun einstaklinga og fjölskyldna verið aflétt. Mannúðarhugsjón hefur þar haft mikið að segja. Rannsóknir á sjúkdómum eins og geðveilu hafa orðið þess valdandi að þegar að læknisfræðin tók hana undir verndarvæng sinn þá dró úr félagslegri útskúfun, fordómum og misrétti (Conrad og Snyder. 1981:2 og Stefán Hjörleifsson, 2004:7-18).

Félagslegt ranglæti er helst upprætt með sem mestri dreifingu efnislegra gæða og með uppeldi sem miðar að því að tryggja sjálfsvirðingu einstaklings. Vanræksla sem lýtur að börnum snýr einnig að samfélagsháttum eins og löngum vinnudegi foreldra og skort á félagslegum úrræðum (Vilhjálmur Árnason, 1997:205-223). Vandinn er einnig sá að uppeldisaðilar hafa ekki allir fengið æskilegt uppeldi og geta þá síður gefið það sem þarf til. Sakir þessa þarf skólakerfið að grípa inn í mótun sjálfsmýndar hjá börnum vegna þeirra uppeldisskyldna sem það hefur lagt á sig sjálft.

7.3 Skólinn fyrir hvern?

Söm er gatan hvort sem gengið er upp eða niður og það má segja að skólamál tilheyri þeim flokki. Breytingar þær sem hafa orðið á vestrænum heimi er skóli fyrir „alþýðuna“ og ein mesta bylting sem dunið hefur yfir fjölskyldugerðina. Það má líkja þessari byltingu við öflugt

endurkast á þeim undanfara sem hefur orðið í félagslegum, pólitískum og efnahagslegum skilyrðum. Breytingar frá afmarkaðri stefnu sem sneru að breytingu í framleiðslu, endurframleiðslu og fjölskyldulífi. Útvíkkun og framlenging skólans hafa gífurleg áhrif á lífsskeið einstaklingsins og þensla skólakerfisins á alþjóðavettvangi hefur breytt því hvernig hugsað er um börn. Sú breyting er fólgin í því að börn vinna ekki við framleiðslu og hafa þá kröfu að foreldrar sjái alfarið fyrir þeim (Levine og White, 1991:18-20).

Þessi breyting á samfélagsháttum hefur breytt fjölskyldu og vinnuháttum gífurlega. Framfærsla foreldra er meiri og tíminn sífellt að lengjast sem börn eru foreldrunum háð. Þetta tímabil hefur öðru fremur notið vinsælda til markaðssetningar á því sem kallað hefur verið tilbúna þarfir. Börn eru alin upp í heimi þar sem sýndarveruleikinn er jafnvel trúverðugri en veruleikinn sjálfur hinn póstmóderníski heimur þar sem sjálflægni (boundless self) er eitt aðal sjúkdómseinkennið og þótt svo að frelsi einstaklingsins sé ótakmarkað þá skilar það sér ekki í vellíðan einstaklinga. Skólastofnanir ofan á annan tilgang sinn hafa þurft að glíma við afleiðingar sem af þessari væðingu hljóttast.

Skólinn hefur mörgum hlutverkum að gegna en mikilvægasta hlutverk hans er að mennta einstaklinga til þess að halda samfélaginu saman. Hugmyndafræði sem er gildandi á hverjum tíma endurspeglast í námskrá sem menntamálaráðuneytið setur hverju sinni. Í lögum um grunnskóla frá árinu 1999 er lögð áhersla á frelsi skóla til að ná markmiðum sem eru í anda markaðshyggjunnar (Gunnar E. Finnbogason, 2005:169-170). Samkvæmt markaðshyggjunni er takmarkið að gróði og önnur gildi víki fyrir lögmáli markaðarins (Merton, 2005)

Skólakerfið hefur mikilvægu hlutverki að gegna og þess vegna er skólinn til samkvæmt Durkheim. en fyrir hvern hefur hann virkni? Þótt svo hann hafi mikilvægu hlutverki að gegna fyrir samfélagið þarf hann ekki að gegna mikilvægu hlutverki fyrir einstaklingana innan þess. Skólinn hlýtur því að þurfa að stefna að því markmiði að hafa tilgang fyrir einstaklinga ekki síður en samfélagið. Tengsl barna við skólann er grundvallaratriði og eins og áður hefur komið fram þá bendir rannsókn OECD til þess að fjórðungur íslenskra 15 ára skólabarna telji sig ekki vera á réttum stað (OECD, 2004). Því eru rannsóknir mikilvægar og þær verða að hafa áhrif á skólaþróunina. Þar er ekki aðeins við kennara heldur einnig þá sem setja lög og reglugerðir (Kristín Aðalsteinsdóttir, 2002: og Fullan, 1999:79).

Margir telja að kennarar hafi misst völd og sofnað á verðinum og það virðist sem breytingar sem urðu á skólaþróun á sjötta og sjöunda áratugnum hafi fært yfirráð og

ákvarðanatöku frá kennurum til námskrásérfræðinga og stjórnámálanna (Fullan, 1993:1-7 Hafdís Guðjónsdóttir, 2004) Þeim völdum ná kennarar til baka með faglegri umræðu því það eru þeir sem sjá þegar upplausn er á viðmiðum og gildum samfélagsins og ættu því að vera boðberar breyttra tíma. Það er því ekki ólíklegt að orð Sigurjón Mýrdals verði að reynd:

Í deiglu hins nýja íslenska "borgrikis" 21.aldar verður, ef að líkum lætur, gripið til fagstétta, þar á meðal kennara, til að greiða úr félagslegum og menningarlegum flækjum og vandamálum nýrra þjóðfélagshátta. Tilhneiging til formlegrar fagmennsku kennarastéttarinnar fellur að breyttri samfélagsskipan á Íslandi og gæti, að breyttu breytanda, sótt styrk í gömlu myndhverfinguna um "menningarvitann", sem nú tæki lit af nýjum félagssögulegum aðstæðum: "síð-nútímalegri" menningarneyslu, upplýsingatækni, alþjóðahyggju og efnahagslegum skuldaskilum (Sigurjón Mýrdal, 1992).

Fagmennska er ekki nýtt hugtak og hefur verið hluti af umræðu kennara frá upphafi skólahalds. Sú orðanotkun er háð félagslegri túlkun á hverjum tíma (Sigurjón Mýrdal, 1992). Reikna má með að sjálfsmýnd kennarastéttarinnar sé beygð eftir erfiða kjarabaráttu en kennarar þurfa að minnast þess að umbætur verða að koma innan frá, en ekki utan að. Því gæti sjálfsskoðun og gagnrýni á ríkjandi skipulag sem hafa önnur gildi en hagnýt í samfélaginu verið sú undirstaða sem þarf, en ekki bara enn ein brúin yfir boðaföllin.

8. Umræða

Þjóðfélagsbreytingar hafa gengið mjög hratt yfir og hafa skapað ný vandamál. Max Weber hélt því fram að tómhyggja myndi einkenna samtímamann og að hin dula merking lífsins hefði horfið við afhelgun heimsins. Hvað sem því líður er ljóst að það eru einkenni í samfélaginu sem benda til þess að siðrofsástand sé ríkjandi. Grunnstofnanir samfélagsins eru ekki undanskildar ástandinu og virðist sem sú mikla breyting sem orðið hefur á lífsháttum fólks á stuttum tíma geri það að verkum að skólarnir nái ekki að þjóna tilgangi sínum gagnvart mörgum nemendum.

Félagslegt taumhald fer minnkandi og skólakerfið er byggt eins og námsverksmiðja sem miðar að því að fræða sem flest börn með minnstum tilkostnaði og má spyrja hvort svo einhæft fræðsluferfi nái að búa börn undir þátttöku í heimi alþjóðavæðingar. Hætt er við því að tilgangssleysi og hin langa leið að markmiðum verði til þess að einstaklingar missi hreinlega sjónar á þeim. Frelsið sem nútíminn boðar í allri miðlun er aðeins í orði en ekki á borði. Skólakerfið þyrfti að skoða í ljósi þess tilgangs sem hann hefur þjónað og á hvaða stoðum hann byggir.

Skólar voru í mótun á átjándu og níttjándu öld þegar sérhæfing og borgarvæðing voru að breyta tilveru fólks. Það var því ekki langt að sækja fyrirmyndir þegar skólakerfið var mótað og í dag er skólastarfið enn byggt á þeim grunni, þar sem margir ólíkir einstaklingar eru mataðir á praktískum atriðum sem nýtast flestum. Um leið og stoðum hefur verið kippt undan gamla hefðarsamfélaginu og einstaklingum boðið að gerast höfundar að sínu eigin lífið, þá undirbýr skólinn þá alla undir sömu ævi(ntýrin).

Heimsmynd sem kennd er við póstmódernisma einkennist af sjálflægni (boundless self) sem og upplausn fyrri félagsgerðar gamla bændasamfélagsins. Þær tölur sem fram hafa komið um aukningu í lyfjanotkun barna, benda til þess að ekki sé lengur hægt að loka augunum fyrir þeim vanda sem að steðjar og mikilvægi þess að skoða samfélagið og innviði þess betur. Í ljósi þessa þarf að auka áherslu á samábyrgð og sameiginlegan tilgang fólks hvort sem er í minnstu eða stærstu einingum þjóðfélagsins.

Frá iðnvæðingunni hefur sérhæfingin orðið sífellt meiri og kennarastarfið virðist vera á þá leið að kennarar séu í þjónustuhlutverkum við börn, foreldra, ríki og/eða sveitafélag. Allir þessir aðilar vilja fá sínu markmiði uppfyllt og kennarinn hefur lítil völd til þess að segja hvað honum býr í brjósti enda má sjá miklar breytingar á skrifum kennara á fyrri hluta tuttugustu aldar og fram á seinni hluta hennar. Kennarar geta ekki varpað frá sér ábyrgð um

faglega umræðu um skólamál og þurfa að minnast þess að það er *sami eldur sem brennir viðinn og herðir stálið*. Umræða um skólamál verður aldrei til gæfu ef kennarar eru undanþegnir umræðunni. Tilgangur skóla og þar með hlutverk kennara hefur breyst frá því að vera fræðsla til þess að þjóna margvíslegum tilgangi öðrum og virðist sem að þær línur sem dregnar eru séu ekki nægilega skýrar.

Einstaklingar samfélagsins virðast hugsa frekar um réttindi sín en skyldur á það jafnt við um foreldra, kennara og börn. Í hrunadansi einstaklingshyggjunnar virðist enginn hafa áhuga á að gera meira en skyldan býður og virðist fólk síður tilbúið að gefa frítíma sinn til samfélagsins og til þess að þroska sig í lífi og í starfi. Einnig þarf að skoða ástæður sem liggja að baki öllum ofvirknigreiningum nútímans og eins má velta því upp hvort erfitt geti verið fyrir kennara að gagnrýna foreldra fyrir uppeldi og foreldrum bent á úrræði sem felast í greiningum. Ekki má telja ólíklegt að erfitt sé fyrir foreldra að játa vanmátt sinn vegna tímaleysis eða ófullnægjandi uppeldisaðferða og væri því þörf á að skoða hvort að stuðningshópar, þar sem foreldrar geta rætt saman, miðlað og styrkt hvert annað í foreldrahlutverkinu væri ekki eitthvað sem gæti orðið til hjálpar.

Skyldur hvernar einingar þurfa að vera ljósari, skólinn er sú eining sem tengir skólabörnin við samfélagið og þarf hann að miða að því að gera þau hæf til þess að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Í því námi ætti skólinn að gera nemendur tilbúna í þekkingarleit sem tæknihyggja nútímans ógnar að mati Von Wrights, en hann segir í *Framfaragoðsögninni*:

Tækniveldið ógnar sjálfstæðri þekkingarleit þekkingarinnar sjálfrar vegna. Hin vísindalegu sannindi víkja ekki eins og forðum fyrir annarri sannleikskröfu, þeirri sem haldið er fram af kennivaldi kirkju eða annarra yfirvalda. Hins vegar beinast rannsóknir og akademísk menntun í sífellt vaxandi mæli að markmiðum eins og hagvexti, samkeppnishæfni og tæknilegum nýjungum. Í hinu ríkisrekna menntakerfi kemur hugtakið þjálfun (til starfs) í stað hugtaksins menntun (ræktun einstaklinganna) (Von Wright, 2003:106-107).

Það er því verðugt umhugsunarefni fyrir samfélagið hvernig við búum að æsku landsins og skólakerfið þarf sífellt að vera í endurskoðun og ekki má gleyma að minnast þess að:

Blóm kærleikans þarfnast meiri og minni regnskúra til að standa í blóma (Ibsen).

9. Lokaorð

Ljóst er að þó svo að skólakerfið þjóni flestum börnum samfélagsins þá fer þeim börnum fjölgandi sem eiga við agavandamál að stríða. Milli skóla og heimila getur ríkt spenna um hver beri ábyrgð á uppeldinu, þar sem skólinn gefur sig út fyrir að sinna uppeldisskyldum en samt með þeim fyrirvara að foreldrar beri ábyrgð á uppeldinu. Þetta verður til þess að togstreita ríkir milli þessara tveggja taumhaldsstofnana. Þar sem ríkið og nú á seinustu árum sveitarfélögin bera ábyrgð á útgjaldaliðnum er sífellt verið að reyna að halda kostnaðinum niðri þar sem hagkerfið er mælt í krónum og aurum en ekki í mannaúði.

Áhyggjur manna ættu að beinast í auknu mæli að þeim gildum sem einstaklingshyggjan boðar án afláts með aukinni hættu á firringu og þar er fjölskyldna engin undantekning. Þegar hver og einn hugsar aðeins um réttindi sín, um eigin langanir, þarfir og tíma bitnar það án vafa á minnstu einingu samfélagsins en það er fjölskyldunni. Einnig gengur einstaklingshyggjan ótvírætt á gildi sem fela í sér samábyrgð. Í ljósi þessa má spyrja hvort að tækniframfarir hafi aðeins fært mannum velmegun í formi aukinnar neyslu en minni farsæld. Ljóst er að geðlyfjanotkun barna er næg ástæða til þess að staldra við og spyrja hvort ekki þurfi endurskoðunar við. Það virðist sem ekki sé aðeins um einstaklingsbundin vandræði að ræða heldur einnig vandamál sem snúa að aga og eru orðin stórt félagslegt vandamál. Þá eru stjórnvöld, fjölskyldur og skólafólk ekki undanþegið ábyrgð og það er ekki síst á ábyrgð skóla og kennara að koma upplýsingum á framfæri til samfélagsins um þann vanda sem við blasir. Það er ekki á færi allra að sjá hvernig straumarnir liggja og því verða þeir að hringja viðvörunarbjöllum til samfélagsins.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* 1976. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknardeild.
- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* 1989. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, Skólarannsóknardeild.
- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* 1999. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, Skólarannsóknardeild.
- Ármann Halldórsson. 2001. *Saga barnaskóla í Reykjavík til 1930.* Reykjavík: Kennaraskóli Íslands.
- Ásgeir Ásgeirsson. 1927. Nýungar í skólamáli. *Vaka.* Tímarit handa Íslendingum. (útg. Ágúst Bjarnason og fleiri). Reykjavík: Gutenberg.
- Baldvin Einarsson. 1995. [frumútgáfa 1828-1829]. *Uppeldið varðar mestu.* Heimildarrit í íslenskri uppeldis- og skólasögu. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Beck, Ulrich. 1999. *World Risk Society.* Cambridge: Polity Press.
- Björg Árnadóttir. 2004, október. Það er mitt draumaland. *Skólavarðan.* 8, 4.
- Björn Bergsson. 1975. Skólinn undir smásjá. *Menntamál.* 48,1: 7-15.
- Bogdan, Robert og Steven J. Taylor. 1984. *Introduction to Qualitative Research Methods,* Second edition. USA: John Wile & Sons.
- Broddi Jóhannesson. 1978. Lífsstarf og frjáls þróun skoðana. *Lífsstarf og kenning.* Reykjavík: Iðunn.
- Collins, Randall og Michael Makowsky. 2005. *The Discovery of Society.* (7.útg.). New York: McGraw-Hill.
- Dönsk – íslensk Orðabók.* 1992. (ritstj. Hrefna Arnalds og Ingibjörg Johansen). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja
- Freydís J. Freysteinsdóttir. 2004. Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir. *Rannsóknir í Félagsvísindum: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2004.* (ritstj. Úlfar Hauksson). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands – Háskólaútgáfan.
- Heimsmet í notkun barnageðlyfja. [forystugrein] Fréttablaðið, 3. maí 2005.

- Fullan, Michael. 1993. Change forces probing the depths of educational reform. London: The Falmer Press.
- Fullan, Michael. 1999. Change forces: The Sequel. London: Philadelphia: Falmer Press.
- Garðar Gíslason. 1997. *Félagsfræði: Einstaklingur og samfélag*. Reykjavík: Mál og menning.
- Giddens, Anthony. 1972. *Emile Durkheim: Selected Writings*. Cambridge: University Press
- Giddens, Anthony. 1999. *Runaway World. How globalisation is reshaping our lives*. London: Profile books.
- Gjessing, Hans Jørgen. 1968. Níu ára skólinn undir smásjóni. *Menntamál XXXI*.4:41-44.
- Goode, Erich. 2005. *Deviant Behaviour*. New Jersey, Pearson-Prentice Hall.
- Guðjón Jónsson. 1954. Hlutverk skólanna að dómi kennara. *Menntamál-XXVII*,2:49-68.
- Guðmundur Finnbogason. 1903. *Lýðmenntun. Hugleiðingar og tillögur*. Akureyri: Oddur Björnsson.
- Guðmundur Hálfðanarson. 1993. Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld. Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.). *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990* (Bls. 9-56). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Gunnar E. Finnbogason. 2002. Stefnur og straumar í skólamáli á 7. og 8. áratugnum. *Skóli í deiglu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Gunnar M. Magnúss. 1939. *Saga Alþýðufræðslunnar á Íslandi*. Reykjavík: Samband íslenskra barnakennara.
- Gunnar M Magnúss. 1946. *Um menntamál á Íslandi 1944-1946*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Gylfi Þ. Gíslason. 1987. *Hagsæld, tími og hamingja*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Hafdís Guðjónsdóttir. 2004. Kennarar ígrunda og rannsaka eigið starf. Júlíus K. Björnsson (ritstj.). *Tímarit um menntarannsóknir*. Reykjavík: Félag um menntarannsóknir.
- Hallgrímur Jónasson. 1932. Heimili-Skólar. *Menntamál mánaðarrit um uppeldis og fræðslumál*. VI,1:50-53. Nokkrir kennarar gáfu út.
- Hallgrímur Jónasson. 1935. Syndir þjófélagsins. *Menntamál, Tímarit um uppeldis og menningarmál*. VIII.-X:120-127. Samband íslenskra barnakennara.
- Hannes J. Magnússon. 1937. Breyttir uppeldishættir. *Menntamál*.X,1: 38-48.
- Helga Jónsdóttir. 2003. Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Tilfellarannsóknir. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Helga Sigurjónsdóttir. 1999. *Meistarar eða þjónar: Kennarar við aldarlok og gleymdu börnin*. Kópavogur: Iðnú.
- Helgi Gunnlaugsson. 2000. *Afbrot og Íslendingar: Greinarsafn í afbrotafræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson og Þóroddur Bjarnason. 2004. Af akri Íslenskrar félagsfræði. Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.). *Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Þorláksson. 1969. Skólinn í hinu óróalega samfélagi. *Menntamál*. XLII,2:174-200.
- Holt, John. 1982. *How children fail*. (Endurbætt, fyrst gefin út 1964). New York: Penguin books.
- Ingólfur Á. Jóhannesson. 1987. *Að vera kennari. Væntingar og viðhorf til kennarastarfsins*. Reykjavík: Ingólfur Á. Jóhannesson.
- Ingólfur Á. Jóhannesson. 2001. Salamanchugsjónin, einstaklingshyggja og sjúkdómsvæðing. *Glæður* 2,11:13-20.
- Ingólfur Á. Jóhannesson. 2004. *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Ingi Sigurðsson. 1996. *Hugmyndarheimur Magnúsar Stephensens*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ísak Harðarson. í *Maður undir himni*. Trú í ljóðum Ísaks Harðarsonar. Höfundur Andri Snær Magnason). Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Jón Gunnar Bernburg. 2004. Afbrot og önnur frávik: yfirlit um fræðin og íslenskar rannsóknir. Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstj.). *Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar (bls 266-288)*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Jón Jónsson Aðils. 1903. *Íslenskt þjóðerni: alþýðufyrirlestrar*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan.
- Jónas Jónsson. 1913. Dagarnir líða. *Skinfaxi*. 6,8: [blaðsíðutal óuppgefið].
- Kennarasamband Íslands. 1996. *Skólastefna kennarasambands Íslands: 1994-1997*. 5. útg. Reykjavík.
- Kennaraskóli Íslands. 1908-1958*. 1958. (Freysteinn Gunnarsson tók saman). Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja.
- Kristinn Björnsson. 1974. Greind og nám. *Persónuleiki skólabarnsins*. Reykjavík: Iðunn.

- Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson. 1994. Samskipti heimilis og skóla. Forsendur og umfang. *Ný menntamál* 12,1:12-19.
- Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson. 1995. *Samskipti heimila og skóla*. Rannsóknarverkefni. Reykjakóli í Hrótafirði (gefið út af höfundu).
- Kristín Aðalsteinsdóttir. 1992. Heiltæk skólastefna: leið til kennaraþróunar. *Uppeldi og menntun* 1,1:196-207.
- Kristján Kristjánsson. 2002. *Mannkostir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Levine, A. Robert og White, Merry I. 1991. Revolution in parenthood. Whoodhead Martin, Paul Light og Ronnie Carr (ritstj.). *Growing up in a Changing Society*. (bls 5-25). London:Routledge.
- Lewis, Ann and Lindsay, Geoff. 2000. *Researching Children's Perspectives*. Buckingham: Open University press.
- Lewis, Jane. 2003. Design issues. Lewis Jane og Jane Ritchie (ritstj.). *Qualitative Research Practice*. (bls 47-76). London: Sage publications.
- Loftur Guttormsson. 1983. *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun, Háskóli Íslands.
- Loftur Guttormsson. 1990. Fræðslumál. Ingi Sigurðsson (ritstj.). *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. (bls 149-182). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Lög um grunnskóla. nr.63/1974. *Stjórnartíðindi A-hluti*. Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
- Matthías Jónasson. 1974. Formáli. *Persónuleiki skólabarnsins*. Reykjavík: Iðunn.
- Michalowski, Raymond og Wonders, Nancy A. 2005. Bodies, Borders and Sex Tourism in a Globalized World. A Tale of a Two Cities-Amsterdam and Havana. Henry N. Pontell (ritstj.). *Social Deviance. Reading in Theory and Research*. (bls. 311-335). New Jersey: Pearson-Prentice Hall.
- Mehlinger, D. Howard. 1995. *School reform in the information age*. Indiana: University Printing Services.
- Merton, K. Robert. 2005. Social Structure and Anomie. Henry N. Pontell (ritstj.). *Social Deviance. Reading in Theory and Research*. (bls. 37-45). New Jersey: Pearson-Prentice Hall.
- Naselund, Jon 1967. Skólamál. *Menntamál*. XL,12-13
- Ólafur Rastrick. 1995. Inngangur. *Uppeldið varðar mestu*. Úr Ármanni á Alþingi, höfundur

- Baldvin Einarsson. (ritstjóri Loftur Guttormsson). [áður útgefið 1828-1829 í Kaupmannahöfn]. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands & Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Ragnhildur Bjarnadóttir. 1994. Fjölskyldan og skólinn: Samstaða um uppeldi og menntun barna? *Fjölskyldan-uppspretta lífsgilda*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Rúnar Helgi Andrason. 2003. Tilfellarannsóknir. *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Schaffer, Richard, T. 2004. *Sociology Matters*. New York: MacGraw-Hill.
- Snape, Dawn, Spencer, Liz. 2003. The Foundations of Qualitative Research. Jane Lewis og Jane Ritchie (ritstj.). *Qualitative Research Practice*. (bls.2-23). London: Sage publications.
- Sólveig Karvelsdóttir. 2003. Kennsla í erfiðum grunnskóla. Friðrik H. Jónsson (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum IV*. (bls. 299-307). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefán Hjörleifsson. 2004. Inngangur. *Sjúkdómsvæðing*. (ritstj. Ólafur Páll Jónsson og Andrea Ósk Jónsdóttir. (bls.7-26). Reykjavík: Fræðslunet Suðurlands, Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan.
- Stefán Ólafsson. 1999. Íslenska leiðin. Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði. Reykjavík: Tryggingarstofnun ríkisins, Háskólaútgáfan.
- Thorolfur Thorlindsson og Thoroddur Bjarnason. 1998. Modeling Durkheim on the micro level: *A study of youth suicidality*. *American Sociological Review*, 63, 94-110.
- Tilskipan um hús-agan á Íslandi. Hirscholms-sloti þann 3.júlí þrykkt á Hólum í Hjaltadal 1746 [Viðauki bls 564].
- Upplýsing og saga. 1982. Ingi Sigurðsson bjó til prentunar. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í bókmenntafræði. Menningarsjóður.
- Vilhjálmur Árnason. 1988. Einstaklingshyggja að fornu og nýju. *Skírnir*, 162, vor:172-177.
- Wolfgang Edelstein. 1967. Breyttir samfélagshættir og hlutverk skólanna. *Menntamál*. XL,1:2-39.
- Wolfgang Edelstein. 1988. *Skóli nám og samfélag*. Reykjavík: Iðunn.
- Wright, G. H. Von. 2003. *Framfaragöðsögnin*. (þýðandi Þorleifur Hauksson). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Þorbjörn Broddason. 1997. Verkfallsréttur kennara: Óleysanleg þversögn. *Ný menntamál*.15,2-3: 20-21.

Þorsteinn frá Hamri. 1995. *Myndir í nótt og morgni. Ljóðaúrval*. Reykjavík: Íðunn.

Netheimildir

AGN. 2005. *Aukin gæði náms*. Sótt á heimasíðu AGNsins þann 3. apríl 2005. Vefslóðin er:

<http://agn.ismennt.is/agn/agn.html>

Atli Harðarson. 1992. *Meistari eða þjónn*. Sótt á heimasíðu netútgáfunar þann 11. mars.

Vefslóðin er: <http://www.snerpa.is/net/atli/meist.htm>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. 1992. Sótt á heimasíðu Barnaheilla þann 11. mars 2005.

Vefslóðin er: <http://www.abotinn.is/barnaheill/barnasattmali1.htm>

Forsætisráðuneytið. 2001. *Nefnd um stefnumótun í málefnum barna og ungmenna*. Sótt á vef

forsætisráðuneytið. http://forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/malefni_barna_unglingaPDF.pdf

Gerður Óskarsdóttir. 2001. *Einstaklingsmiðað nám og samvinna nemenda um fjölbreytileg verkefni*. Sótt á heimasíðu fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur þann 11. febrúar. Vefslóðin er:

<http://www.grunnskolar.is/fraedslumidstodin.nsf/pages/grunnskolarforsidaeinst.html>

Guðmundur Hálfðanarson. [ógetið]. *Staða rannsókna á sviði 18. aldar fræða*. Sótt á

heimasíðu Landsbókasafns Íslands þann 5. apríl 2005. Vefslóðin er:

<http://www.bok.hi.is/vefnir/greinar/gumhalf.htm>.

Gylfi Jón Gylfason. 2004. *Breytt samfélagsgerð kallar á aukna ábyrgð uppalenda*. Sótt á heimasíðu landlæknisembættisins þann 9. apríl 2005. Vefslóðin er:

<http://www.landlaeknir.is/template1.asp?PageID=812>

Herdís Sveinsdóttir, Hólmfríður K. Gunnarsdóttir og Hildur Friðriksdóttir. 2003. *Heilsufar, líðan og vinnuumhverfi kennara*. Ritröð í hjúkrunarfræði, 3,4. Sótt á heimasíðu vinnueftirlitsins þann 3. apríl 2005. Vefslóðin er:

<http://www.vinnueftirlit.is/Apps/WebObjects/Ver.woa/1/swdocument/1000045/kennarask?rsla.pdf>

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2003. *Stjórnunar- og vandamálavæðing skólakerfisins:*

Óhjákvæmilegar framfarir? Sótt á vefsíðu Ingólfs þann 20. apríl. Vefslóðin er:

<http://www.ismennt.is/not/ingo/EGSIEAKU.htm>

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2000: *Nemendur sem viðfangsefni greiningar á sérþörfum. Um fjölþjóðlega rannsókn á stýringu og blöndun í menntakerfum*. Sótt á vefsíðu Ingólfs 12. apríl. 2005. Vefslóðin er: <http://www.ismennt.is/not/ingo/egsiedal.HTM>

Íslenska menntanetið. *Kennarar í grunnskólum verða fyrir árásum nemenda*. Sótt á vefsíðu íslenska menntanetsins þann 12. apríl 2005. Vefslóðin er: <http://www.ismennt.is/>

Jóhann Ág. Sigurðsson. 2002. *Ritalin og íslenskt samfélag*. Sótt á gagnasafn Morgunblaðsins þann 17 apríl. Vefslóðin er: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=671175

Kennaraskóli Íslands. 2005. Jónas frá Hriflu. Sótt á heimasíðu KHÍ. Um Valkost Sögunar. Sótt á netið þann 13. apríl 2005. Vefslóðin er: <http://saga.khi.is/valkostir/Jonas/index.htm>

Kolbeinn Proppé. 2002. *Í hátíðarskapi – þjóðhátíðir og viðhald þjóðernisvitundar*. Kistan. Sótt á vefsetur Kistunnar þann 12. febrúar 2005. Vefslóðin er: <http://www.kistan.is/efni.asp?n=502&f=3&u=28>

Lög um grunnskóla. Númer 66. 8. mars. Sótt á vef alþingis þann 13 febrúar. 2005. Vefslóðin er: <http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1995066.html>

Lög um grunnskóla I. kafli. Markmið og skólaskylda 2. gr. Sótt á vef Alþingis þann 5 febrúar. Vefslóðin er: <http://www.althingi.is/altext/stjt/1995.066.html>

Lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, 1996. Sótt á vefsíðu Alþingis þann 3. apríl 2005. Vefslóðin er : <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996072.html>

Morgunblaðið, 07.12.04. *Börnum með geðraskanir fjölgaði um 119% á fimm árum*. Sótt á gagnasafn Morgunblaðsins þann 13 apríl. Vefslóðin er: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=835108

Reglugerð nr 270/2000 um skólareglur í grunnskóla. Sótt á vefsíðu menntamálaráðuneytisins þann 14. febrúar. 2005. Vefslóðin er: <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/reglugerdir2702000>

OECD. 2004. *Menntun við fyrstu sýn: vísbendingar OECD*. Sótt þann 18. apríl 2005. Vefslóðin er: <http://www.oecd.org/dataoecd/56/57/33716900.pdf>

Reglugerð nr 270/2000. *Um skólareglur í grunnskóla*. Sótt á vefsíðu menntamálaráðuneytisins þann 14. febrúar. 2005. Vefslóðin er: <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/reglugerdir2702000>

Sigrún Júlíusdóttir. 2005. *Foreldrahlutverk og réttur barna til sinnu og samveru*. Sótt á vísindavefinn þann 11 mars 2005: Vefslóðin er:

http://visindavefur.hi.is/malstofa_sigrunj.html

Sigurjón Mýrdal. 1992. *Hugmyndir um fagmennsku íslenskra kennara*. Sótt þann 6.apríl.

Vefslóðin er: <http://menntun.khi.is/sigurjon/fagmenns.htm>

Simmel, Georg. 2004. *The Metropolis and Mental*. Sótt á netið þann 23.mars. 2005 Vefslóðin

er : <http://www.blackwellpublishing.com/>

Skólareglur og agi í grunnskólum. 1995. Sótt á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

Vefslóðin er: [http://www.mrn.stjr.is/afgreidsla/spurt-og-](http://www.mrn.stjr.is/afgreidsla/spurt-og-svarad/grunnskolar/Skolareglur_-_agi_og_brottrekstur/nr/1901)

[svarad/grunnskolar/Skolareglur - agi og brottrekstur/nr/1901](http://www.mrn.stjr.is/afgreidsla/spurt-og-svarad/grunnskolar/Skolareglur_-_agi_og_brottrekstur/nr/1901)

Þorsteinn Gunnarsson. 2005. *Er skólinn á ábyrgð okkar allra?* Sótt á vef Kennarasambands

Íslands. Vefslóðin er: [http://www.ki.is/http://starfsfolk.khi.is/ingvar/](http://www.ki.is/http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/fraedslumidstod/vefur/skilgreiningar.htm)

[namskeid/fraedslumidstod/vefur/skilgreiningar.htm](http://www.ki.is/http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/fraedslumidstod/vefur/skilgreiningar.htm).

Viðauki 1

Viðtalsrammi

Aldur, menntun?

Kennslureynsla, starfsferill?

Er kennarastarfið eins og þú gerðir þér væntingar um?

Hvert er hlutverk kennara að þínu mati?

Er hlutverk kennarans að breytast að þínu mati?

Hvernig myndir þú lýsa erfiðum bekk?

Hvernig myndir þú lýsa góðum bekk?

Hvernig er fyrirmyndarnemandi?

Hvor er erfiðari þáttur í skólastofu kennsla eða samskipti?

Er að þínu mati of mikið einblínt á námsárangur í íslenska skólakerfinu og minna á annað hlutverk þeirra?

Uppáhaldsnemandi er hann fyrirmyndarnemandi?

Hvernig myndir þú lýsa óþolandi nemanda?

Hvað einkennir nemanda sem er óþolandi?

Þyrfti að vera stærra teymi innan skóla sem tekur á erfiðum nemendum?

Hvert leitar þú eftir hjálp með úrræði á erfiðum nemendum?

Til fagaðila, til annarra kennara, maka eða vina?

Hvað er erfiðast í samskiptum við óþolandi nemendur?

Telur þú skipta miklu máli að vera í góðum tengslum við heimilli þeirra nemenda sem eru erfiðir?